

SHALDÖR  
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is



ANTÍKMARKAÐUR Í HEIMAHÚSI  
Ljósmyndarinn Fríða Jónsdóttir hefur breytt heimili sínu í Skerjafirði í antíkmarkað.

allt 1



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

29. ágúst 2011  
200. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

10  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Samkvæmt reitmiðlökunum Cancer Cent Gallup apríl - júní 2011




**Leiklistin heillar**  
Grettir Valsson og  
Helena Hjörvar leika í  
Galdrakarlinum í OZ.  
**fólk 26**

**Kerfið þegir**  
Kjörsókn var vissulega léleg,  
vegna þess að margir trúá  
því enn að lýðræðið sé tóm  
vesen og vitleysa, skrifar  
Guðmundur Andri.  
**í dag 13**



**Alsæla í Manchester**  
United og City eru á  
ótrúlegu skriði í ensku  
úrvalsdeildinni.  
**sport 20**

**veðrið í dag**



**VÆTUSAMT V-TIL** Í dag má búast  
við hægum suðvestlægum áttum  
viðast hvar en 5-8 m/s allra vestast.  
Rigning eða súld vestanlands en  
léttir heldur til er líður á daginn. Hiti  
verður á bilinu 10-15°C.

VEÐUR 4

**Hefur þú  
skolað í dag?**



Sterkar tennur, fallett bros  
- það er Flux!

FÆST Í APÓTEKUM



**Í BLÁUM BERJAMÓ** Jay Cholor lét ekki stífa norðanáttina í Breiðdal aftra sér frá því að fara í berjamó um helgina. Hún ténir ber og sveppi sem hún segist nýta á margvíslegan hátt. Jay flutti frá Taílandi fyrir tveimur áratugum og talar prýðilega íslensku. Hér kann hún vel við sig og vill hvergi annars staðar vera. Berjaspretta er seinni í ár en aðalbláberin fara þó ágætlega af stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vatnsréttindi aftur á forræði ríkisvalds

Vinda á ofan af einkavæðingu á vatnsréttindum sem fram fór 1998. Iðnaðarráðherra hefur skipað sérfræðingahóp til að vinna að málinu. Innanríkisráðherra segir að tryggja eigi eignarrétt almennings á vatni og öðrum auðlindum.

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra hefur skipað sérfræðingahóp til að vinna ofan af einkavæðingu vatnsréttinda sem fram fór með lagabreytingu árið 1998. Málið er unnið í samráði þingflokka beggja stjórnarflokkanna.

„Hluti íslenska vatnsbúskaparins var einkavæddur með lagabreytingu árið 1998. Ég er búin að gera samkomulag og fá sérfræðingateymi til að vinna að tillögum um það með hvaða hætti við getum undið ofan af því, þannig að sambærileg lög gildi um allt vatn á landinu,“ segir Katrín. Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður stýrir þeirri vinnu.

Ný vatnalög liggja fyrir Alþingi og með þeim á að fara aftur til eldri laga, frá 1923, sem tryggja almennarétt á vatni. Breyting varð á lögnum árið 2006 þannig að í stað upptalningar á því hvernig mætti fara með vatn var talið upp hvað ekki mætti gera varðandi vatn. „Við höfum verið andsnúin þessu og vatnalögin eru

að fara í gegn með þeim hætti að ekki sé um einkaeignarrétt að ræða, heldur upptalning á því hvað má gera með vatnsréttindi.“

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vill að allsherjar-endurskoðun fari fram á lögum og reglum um auðlindir, þar með talið vatn. Tryggja verði eignarrétt almennings á auðlindunum.



Mér sýnist sú umræða ekki nógu vel ígrunduð, en vatnið er auðlind 21. aldarinnar.

ÖGMUNDUR JÓNASSON  
INNANRÍKISRÁÐHERRA

Hann segir fregnir af samningi um kaup Kínverjans Huang Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum eigi að vekja menn til umhugsunar.

„Þetta á að verða okkur til efni til að staldra við og gaumgæfa hvað við raunverulega viljum í þessum efnum. Það á ekki sist við þegar kröfur landeiganda gagnvart auðlindum ganga allar á þann veg að styrkja eignar-

réttinn,“ segir hann, og vísar til krafna Reykjahlíðar ehf. varðandi Gjástykki. Þar á bæ hafa menn rætt um skaðabótakröfu á hendur ríkinu verði ekki af virkjun.

Ögmundur segist munu beita sér fyrir endurskoðun í mála-flokknum. „Þá á ég ekki sist við það að við tökum sérstaklega

til skoðunar eignarrétt og nýtingarrétt á vatni. Mér sýnist sú umræða ekki nógu vel ígrunduð, en vatnið er auðlind 21. aldarinnar.“

Innanríkisráðherra vill að skýrt sé kveðið á um að eignarréttur á vatni verði í höndum almennings. Síðan megi semja um nýtingarrétt á auðlindinni.

- kóp

Svali á FM957 á tímamótum:  
**Í tuttugu ár við  
hljóðnemann**

**FÓLK** Þó að Sigvaldi Kaldalóns sé aðeins 37 ára hefur hann unnið fyrir sér sem útvarpsmaður í tuttugu ár. Í nítján ár hefur hann verið aðalsprautan á útvarpstöðinni FM 957.

„Ég var eitt ár á Rás 2, fékk að stjórna þar landafræði-spurningabætti og var undir smásjónni hjá málfarsráðunautnum,“ rifjar Svali upp hlæjandi. - fgg / sjá síðu 26



## SPURNING DAGSINS



Ragnar, eru reglur kvæða réttar nú á tölvuöld?

„Best að okkar bragarfræða boðorð fái aukin völd.“

Ragnar Ingvi Aðalsteinsson er sérfræðingur í íslenskum bragarháttum. Hann segir grunnreglur bragarfræða hafa haldist óbreyttar í 1.200 ár farm til okkar daga.

## Nýtir íslenska bakgrunninn: Meðal bestu leirlistamanna

**FÓLK** Hin hálf íslenska Þóra Finnsdóttir hefur verið valin einn af fimm flottustu leirlistamönnum Danmerkur af danska hönnunartímaritinu Rum.



ÞÓRA FINNSDÓTTIR

„Þetta er alveg ný upplifun fyrir mig,“ segir Þóra en hann undir merki sínu Finnsdóttir. Í tilnefningu Rum kemur fram að vörur Þóru beri sérstakt yfirbragð og hvert smáatriði sé skapað í höndum listamannsins úr fínustu efnum og telji allt frá vösum og kertastjökum til skartgripa og annarra einstakra vara. Einnig kemur fram að hún noti sinn íslenska bakgrunn og landsins miklu andstæður sem innblástur.

- mmf / sjá síðu 14

## Úrillur danskur hundavinur: Ók á löngu eftir rifrildi um hund

**DANMÖRK** Dani á sjötugsaldri var í síðustu viku dæmdur til 60 daga fangavistar og eins árs ökuleyfisvæðingar fyrir að hafa virt tilmæli lögreglu að vettugi og ekið yfir fót lögregluþjóns.

Lögregluþjónn stöðvaði manninn við akstur þar sem hundur sat í kjöltu hans. Slíkt er bannað með lögum, en í stað þess að hlýða tilmælum ók hann af stað.

Lögreglan elti á vélhjól, en maðurinn ók utan í hjólið sem valt á hliðina. Maðurinn bakkaði svo yfir fær lögregluþjónsins.

Dómnum hefur verið áfrýjað þar sem maðurinn segir að um ofsóknir lögreglu sé að ræða. - þj

Berjaspretta tveim til þremur vikum seinna á ferðinni í ár en undanfarin ár:

## Gefur berjunum viku í viðbót

**FÓLK** „Berjaspretta er eins og vænta mætti en um það bil tveim til þrem vikum seinna á ferðinni í ár,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og berjaáhugamaður. Sjálfur er hann farinn að sulda og safta úr aðalbláberjum og segir þau harðari af sér. „Aðalbláberin fara ágætlega af stað þó þau séu í minna lagi. Krækiberin eru líka alveg að koma til. Ég mundi gefa þessu viku í viðbót, haldist frostlaust.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Sveini Rúnari var hann á leið heim af Bláberjadögum á Súðavík og var ánægður með hátíðina. Segir Súðvíkinga búa að bestu berjakistu landsins og berjabrekurnar teygji sig niður í bæinn. „Þarna fengum við hlýjar móttökur og vonandi að þetta verði árlegur viðburður.“

- rat



**BERIN SEINNI Á FERÐ** Sveinn Rúnar Hauksson berjaáhugamaður segir berin ekki svíkja okkur í ár þó þau séu seinna á ferðinni.

## Á hjólastólnum inn í bíl og ekið af stað

Tækniframfarir hafa gert fjölmörgum hreyfihömluðum kleift að aka bíl. Ökumaður sem verið hefur í hjólastól frá sjö ára aldri sýndi Fréttablaðinu bíl sinn sem ekki hefur venjulegt bílstjóraseti, stýri, olíu- eða bremsupedala.

**SAMFÉLAGSMÁL** Blaðamaður brá sér á rúntinn sem væri ekki í frásögu færandi nema fyrir það að bílstjórinn, Hallgrímur Eymundsson, hefur notað rafmagnshjólastól frá sjö ára aldri.

Eins og gefur að skilja var því ekki farið á neinum venjulegum bíl en honum hefur verið umbreytt, allt eftir þörfum Hallgríms. Þetta er forláta skutbill og nokkrum metrum fyrir aftan hann ýtir Hallgrímur á hnapp á fjarstýringu svo að skuturinn opnast og lyftu er slakað niður. Þannig fer hann inn í bílinn og ekur hjólastólnum að bílstjórastæðinu. Ekkert eiginlegt stýri er á bílnum heldur stýrispinni. Til að gefa í er pinnanum ýtt aftur en til að hemla er honum ýtt fram.

„Ég hef tekið vel eftir því þegar ég er stöpp á rauðu ljósi að samferðafólki glápir inn í bílinn og finnst þetta greinilega undarlegt,“ segir Hallgrímur kíminn. „Það áttar sig ekki á því að það eru fleiri speglar á þessum bíl en gengur og gerist svo ég get fylgst með fólkinu án þess að það taki eftir, það skilur því ekkert í því þegar það sér mig brosa að öllu saman.“

Hallgrímur tók ökuþróf árið 2003 og segist ekki hafa tekið fleiri ökutíma en gengur og gerist. „Ökukennarinn vissi náttúrulega í fyrstu ekkert hvernig búnaðnum í þessum bíl er háttað en hann varð bara að treysta mér, reyndar var hann með bremsu og olíugjöf sín megin ef hann vildi grípa inn í.“

Hallgrímur vinnur við hugbúnaðarþróun hjá Reykjavíkurborg en það var einmitt fyrir áhuga hans á tækni sem hann komst á snodir



**FARIÐ Á RÚNTINN** Það er mikið frelsi fyrir Hallgrím að þurfa ekki að niðurnegla tilveruna í tímatöflu með aðstoðarmanni og bílstjóra en geta sjálfur farið inn í bíl og brunað til Skagafjarðar þegar sú ramma taug togar í.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BÍLSTJÓRASETID** Farþega leist ekki á blíkuna fyrst er hann kom inn í bílinn.



**INN Í BÍL** Svona fer Hallgrímur hjálparlaust inn í bílinn.

um svona bíla sem sniðnir eru að þörfum fatlaðra. „Svo kemst ég að því að það var fyrirtæki í Bandaríkjunum sem sérhæfir sig í því að breyta bílum í þessum tilgangi svo við tókum okkur til nokkrir félagar og fórum til Bandaríkjanna til að kynna okkur þetta nánar, gerðum reyndar viðreisni í leiðinni þar ytra með eftirminnilegum hætti. Ég tók upp og klippti til myndband fyrir hjálpartækjamiðstöðina og eftir það fóru hjólin að rúlla.“

js@frettabladid.is

Íþróttafélög kepptu í skák:

## Valsmenn unnu mótið

**SKÁK** Valsmenn fóru með sigur af hólmi á Iceland Express-móttinu, Reykjavíkurmóti íþróttafélaga í skák, sem fram fór á Hlíðarenda í gær. Liðið hlaut 16 stig af 18 mögulegum.

Lið Valsmanna skipuðu þeir Jón L. Arnason, Helgi Ólafsson, Héðinn Steingrímsson og Jón Viktor Gunnarsson.

Jón Viktor vann allar sínar skákir, þrjár talsins. Þróttur varð í öðru sæti með 16 stig og KR í þriðja með 11 stig.

- rat

Lifa án ýmissa mannréttinda:

## Tólf milljónir án ríkisfangs

**MANNÚÐARMÁL** Tólf milljónir manna hafa hvergi ríkisborgararétt og njóta þess vegna ekki grundvallarmannréttinda. Saminuðu þjóðirnar minna á þetta og segja ástandið fara versnandi.

Antonio Guterres, yfirmaður flóttamannahjálpar SB, segir að vanrækt hafi verið að bæta ástandið í tugi ára. Stofnunin hóf fyrir helgi herferð til að vekja athygli á þeirri mismunum sem ríkisfangslaus fólk upplifir. Aðeins 38 ríki hafa fullgilt sáttmála um fækkun á ríkisfangslausu fólki. Nú vill stofnunin að bætt verði úr þessu. - þeb

Fjármagn til hælisleitenda:

## Upphæðin ekki ákveðin ennþá

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir gagnrýni á viðbótarfjármagn til miðstöðvar hælisleitenda á misskilningi byggða, þar sem ekki hafi verið tekin ákvörðun um hver endanleg upphæð verður.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá samþykktu ríkisstjórnin á föstudag að veita viðbótarfjármagn til stofnunarinnar. Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, gagnrýndi ákvörðunina í samtali við Stöð 2 og sagði upphæðina ekki nógu háa.

„Hún ætti að fara varlega í slíkar yfirlýsingar, því það er ekki búið að ganga frá upphæðinni,“ segir Ögmundur, sem segir að miðstöð hælisleitenda verði tryggt nægt fé. - kóp



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Helmingi færri börn á biðlista eftir frístundaheimilum nú en fyrir tveimur vikum:

## Borgina vantar um 50 starfsmenn

**MENNTAMÁL** Um 600 grunnskólabörn í Reykjavík eru á biðlista eftir pláss á frístundaheimilum. Þó hefur fjöldinn dregist saman um helming því í þar síðustu viku voru um 1.200 börn sem biðu eftir pláss. Borgina vantar enn um 50 starfsmenn í hlutastarf til að anna þessari eftirspurn, en búið er við því að það nái að ráða í stöðurnar á næstu vikum.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hefur umsókn um pláss fjölgað um 500 síðan í júní síðastliðnum.

Eva Einarsdóttir, formaður Íþrótt- og tómstundaráðs og borgarfulltrúi Besta flokksins, segist bjartsýn á að það takist að veita þessum börnum pláss á næstunni.

„Það er verið að vinna í ráðningum á hverjum einasta degi. Þetta er vissulega slæmt fyrir þá foreldra sem eiga börn á biðlista – það veldur kvíða,“ segir Eva sem býst við að borgin verði komin langleiðina með að leysa málið í þessari viku.

Eva segir eldri börnin í ríkari mæli notfæra sér þjónustu frístundaheimila og það útskýri fjölgunina. Hún segist vonast til þess að með samþættingu frístundaheimila og skóla sé möguleiki



**FRÍSTUNDAHEIMILIÐ Í MELASKÓLA** Nú eru um 600 börn á biðlista eftir pláss á frístundaheimilum borgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að bjóða fólki fulla vinnu, en ekki einungis hálfan daginn eins og á frístundaheimilunum í haust. - sv



... og rjómi



# Flottir skólafélagar!



**0 kr. Nova í Nova!**  
1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mán.

**1.790 kr. /12 mán.**

**Nokia C2-01**

Stgr.: 19.990 kr.



**1.000 kr. simnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!**

**2.890 kr. /12 mán.**

**Nokia X3-02**

1.000 kr. simnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!  
Stgr.: 32.990 kr.



**1.000 kr. simnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!**

**3.490 kr. /12 mán.**

**HTC Wildfire**

1.000 kr. simnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!  
Stgr.: 39.990 kr.



**1.000 kr. simnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!**

**3.490 kr. /12 mán.**

**LG Optimus One**

1.000 kr. simnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!  
Stgr.: 39.990 kr.



**1.000 kr. simnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!**

**2.590 kr. /12 mán.**

**LG Optimus Me**

1.000 kr. simnotkun á mán. í 12 mán. fylgir!  
Stgr.: 27.990 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919  
[www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova: Simnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er óþýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.  
0 kr. Nova í Nova: Ekkert mánaðargjald í frelsi en 490 kr. í áskrift og þá fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**  
**NOVA**

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	113,68	114,22
Sterlingspund	185,45	186,35
Evra	163,94	164,86
Dönsk króna	22,001	22,129
Norsk króna	21,092	21,216
Sænsk króna	18,012	18,118
Japanskt jen	1,476	1,4846
SDR	182,75	183,83
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
219,4525		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

## Flokksráð Vinstri grænna segir ótvíráðan árangur hafa náðst í efnahagsmálum: Vill auðlindir til umhverfisráðuneytis

**STJÓRN MÁL** Flokksráð Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs lýstir yfir stuðningi við ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar og segir ótvíráðan árangur hafa náðst í efnahagsmálum þjóðarinnar. Sá árangur sé í fyllsta samræmi við stefnu flokksins í ýmsum málum.

Flokksráðið vill að umsýsla auðlindamála færist til umhverfisráðuneytisins, enda sé það í samræmi við stefnu flokksins og samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Efla þurfi starfsemi Umhverfisstofnunar og taka



**STYÐJA STJÓRNINA** Flokksráð Vinstri grænna styður ríkisstjórnina og segir hana hafa náð árangri í efnahagsmálum. Frá fundi ráðsins í fyrria. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

til skoðunar þannig að hún njóti trausts sem eftirlits- og umsýslustofnun á sviðið umhverfismála.

Flokksráðið vill færa virkjanir í neðri hluta Þjórsár í biðflokk, en samkvæmt þingsályktunartillögu Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra og Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra eru þær í nýtingarflokki.

Flokksráðið ítrekar fordæmingu sína á loftárásnum Atlantshafsbandalagsins á Líbíu og vill að rannsóknarnefnd kanni aðdraganda þess að Ísland samþykkti aðgerðirnar. Þá lagði ráðið áherslu á að ríkisstjórnin stæði vörð um eign þjóðarinnar á orkuverum og orkuauðlindum.

## Safnað fyrir hjartveik börn: 40 milljónir söfnuðust

**SAMFÉLAGSMÁL** Ríflega 40 milljónir söfnuðust í átáttatíu á allra vörum 2011. Söfnunarfénu verður varið til kaupa á nýju hjartaómskoðunartæki fyrir börn.

Tækið hefur fengið nafnið „Hjörtur“, en tillagan að nafninu kom fram í söfnunarþætti í beinni útsendingu á Skjá einum á föstudag með þessum orðum: „Megi Hjörtur bjarga mörgum litlum hjörtum.“ Átakið hófst 12. ágúst með sölu á varaglossum frá Dior. Enn er hægt að leggja átakið lið.

## Óeirðirnar í Bretlandi: Íhuguðu að loka netsíðum

**BRETLAND, AP** Yfirmenn Facebook, Twitter og Blackberry í Bretlandi hittu stjórnvöld og lögregluþyrftvöld í Bretlandi fyrir helgi. Rætt var um hvort og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að miðlarnir séu notaðir til að skipuleggja ofbeldi.

Yfirkvöld í Bretlandi skoða hvort hægt sé að takmarka eða loka samskiptasíðum á óeirðartímum. Lögreglan hefur viðurkennt að hafa íhugað að biðja um að Twitter yrði lokað þegar óeirðirnar stóðu sem hæst. Lögsmæti slíkra aðgerða hefur verið dregið í efa og fyrirtækin eru á móti slíkum aðgerðum.

Úttekt Neytendastofu:

## Engin gullvog reyndist löggilt

**VIÐSKIPTI** Í úrtaki könnunar Neytendastofu á vögum sem notaðar eru í viðskiptum með gull reyndist engin vog vera löggilt, en nú stendur yfir eftirlit með slíkum vögum hjá stofnunni. Vögir sem notaðar eru til að kaupa og selja gull eru löggildingarskyldar. Með því er verið að tryggja að þær vigti rétt, að því er segir í frétt á vefsíðu Neytendastofu.

Bent er á að sjá má á hreinleikastimpli skartgripsins hversu mikið hlutfall af hreinu gulli er í vörunni. Sé til dæmis hreinleikastimpillinn 585 inniheldur vara 58,5 prósent af hreinu gulli.

## HAPPDRÆTTI

### Einn með fimm tölur réttar

Einn var með fimm réttar tölur í Lottóinu á laugardaginn og fékk hann rúmar fimm milljónir króna í sinn hlut. Tveir voru með fjórar tölur og bónustöfluna réttu og fengu hvor um sig 109 þúsund krónur.

# Minnst fimmtán létust þegar fellibylurinn Írena gekk yfir

Sjór flæddi yfir götur New York þegar fellibylurinn Írena fór yfir borgina í gær. Fjórar og hálf milljón manna var án rafmagns og 370 þúsund manns var gert að yfirgefa heimili sín. Minnst fimmtán létust.

**BANDARÍKIN** Minnst fimmtán manns hafa látið lífið í fellibylunum Írenu sem gengið hefur yfir austurströnd Bandaríkjanna síðustu daga. Fellibylurinn fór yfir New York í gær og voru 4,5 milljónir manna voru án rafmagns vegna veðurofsans.

Um 370.000 manns var gert að yfirgefa heimili sín í New York og höfðu miklar varúðarráðstafanir verið gerðar í borginni meðan beðið var eftir storminum.

Almenningssamgöngur voru stöðvaðar og gengu hvorki lestir né strætisvagnar. Allar verslanir voru einnig lokaðar. Fólki var ráðlagt að halda sig innandyra og fjarri gluggum en stormurinn átti að ganga yfir borgina um ný leytid að staðartíma í gærmorgun. Aðeins nokkrum klukkutímum áður hafði Írena farið yfir New Jersey þar sem ríkisstjórnin, Chris Christie, mat tjónið á tugi milljarða Bandaríkjadala.

Verulega hafði þó dregið úr vindhraða þegar fellibylurinn fór yfir New York en hviðurnar náðu 70 metrum á klukkustund.

Kristín Agnarsdóttir, íbúi í Brooklyn, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að fólk hefði undirbúið sig vel, límt fyrir glugga og gengið frá garðhúsgögnum og lausum munum. Minna hafi þó orðið úr storminum



**KRISTÍN AGNARSÐÓTTIR**



**FLÓÐ Á GÖTUM MANHATTAN** Fellibylurinn Írena gekk yfir New York-borg í gærmorgun. Verulega hafði dregið úr vindhraða en þó flæddi yfir götur sem lægst liggja.

## Bara venjulegur sunnudagur

„Það eru nokkur brotin tré, greinar að fjúka um og smá vatnsflóð hér og þar en annars er allt í lagi hérna í kringum okkur. Það var ótti í fólki í gær en núna eru allir rólegir,“ sagði Baldur Helgason, íbúi í Williamsburg í Brooklyn, í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann sagði daginn í gær nokkuð dæmigerðan sunnudag í hverfinu þrátt fyrir storminn.

„Fólk er hér úti að skokka og foreldrar í göngutúr með börnin sín. Flest kaffihús og veitingastaðir eru opin en venjulegar verslanir lokaðar og margar með negl fyrir glugga. Hér verður mjög auðveldlega rafmagnslost, en það gerðist ekki.“

Baldur segist hafa undirbúið sig fyrir fellibylinn eins og aðrir, birgt sig upp af mat og vatni, kertum og rafhlöðum í vasaljósin. Hann hafi þó lítið orðið var við óveðrið.

„Við fórum í kvöldmat hjá nágretta okkar og steinglymdum að það var stormur í gangi. Þetta var eins og slæmt rok og rigning á Íslandi, ekki mikið meira en það. Það eru margir að bölvja því að þetta skuli ekki hafa gerst á virkum degi, svo fólk fengi frí úr vinnunni.“

en gert var ráð fyrir. „Það var hvasst en ekki svo mikil læti. Það rigndi örugglega meira hérna síðasta föstudag,“ sagði Kristín

en blaðamaður náði tali af henni um hádegisbilið í gær að staðartíma.

Þá sagði hún vera að birta til

og greinilegt að það mesta væri yfirlaðið. Þó mætti sjá merki um hvassviðrið í hverfinu en víða lögju trjágreinar á götum sem brotnað hefðu af trjám og slitnar rafmagnslínur.

Mikil rigning fylgdi storminum en fellibylurinn gekk yfir borgina á sama tíma og háflóð var. Vatnsborð sjávar hækkaði og flæddi inn í kjallara í húsum, meðal annars í Queens og yfir götur Manhattan sem lægst liggja.

Búist er við að flóðin valdi enn frekari rafnagnstruflunum. Þá er búist við mikilli rigningu í kjölfar fellibylsins.

Bæði John F. Kennedy og LaGuardia-flugvellirnir lokuðu auk Newark flugvallar í New Jersey. Í gær hafði um 8.000 flugum verið aflýst en opna átti fyrir flugumferð seinni partinn í dag.

heida@frettabladid.is

**HÓPKAUP.IS Í DAG**

75 MÍNÚTNA LÚXUS LCN FÓTSNYRTINGU

**3.890 kr.** **GILDIR 24 TÍMA**

Verð ~~7.900 kr.~~ Afsláttur **51%** Afsláttur í kr. **4.010 kr.**

20 viðskiptavinir þarf til að virkja tilboðið

Heilsa og fegurð býður upp á 75 mínútna lúxus LCN fótsnyrtingu á aðeins 3.890 kr (kostar 7.900 kr). Tilvalin afslöppun fyrir þreytta fætur eftir amstur dagsins.

**HÓPKAUP**  
í krafti fjöðans  
hopkaup.is

**VEÐURSPÁ**

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HLÝNAR** Íbúar á NA- og A-landi kætast vonandi yfir hlýindunum sem spáð er næstu daga. Búast má við allt að 18°C hita austanlands er líður á vikuna. Þar verður einnig nokkuð bjart en því verður óflugt farið sunnan- og vestantil þar sem spár heldur vætusömu veðri.

Á MORGUN 3-8 m/s, hvassast V-til. **11 13**

MÍÐVIKUDAGUR Fremur hæður vindur. **12 11**

**HEIMURINN**

Alicante	30°
Basel	28°
Berlín	19°
Billund	16°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	27°
London	18°
Mallorca	30°
New York	25°
Orlando	33°
Ósló	16°
París	21°
San Francisco	24°
Stokkhólmur	17°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

SHIFT\_the way you move



# 0 KR. Í BENSÍN FYRSTA ÁRIÐ\*



Fritt  
í gjaldstæði  
í Reykjavík



**25.903 kr.**  
á mánuði\*\*

## NISSAN MICRA

Lágmarks rekstrarkostnaður, hámarks öryggi, áreiðanleiki og góðir aksturseginnleikar. Þetta er kjarninn í Nissan Micra. Allt það besta úr fyrri árgerðum Micra er á sínum stað, bara enn betra.

[www.nissan.is](http://www.nissan.is)

**Meðaleyðsla: 5,0 l/100 km**

**Handfrjáls bluetooth símabúnaður**

**Tengi fyrir aux (iPOD)**

**ESP skriðvörn**

**Hiti í sætum o.m.fl.**

Verð frá **2.290 þús. kr.**



**INNEIGN**  
**170.000 kr.**

\*Nokkrum beinskiptum Micra fylgja nú N1 kort með inneign að upphæð 170.000 kr. sem ætla má að endist fyrir eldsneyti í allt að 15.000 km eða u.þ.b. 1 ár.

## KJÖRKASSINN



Parf að endurskoða styrkjakerfi í landbúnaði?

Já	87%
Nei	13%

## SPURNING DAGSINS Í DAG?

Óttast þú kaup erlendra fjárfesta á íslenskum jörðum?

Segðu þína skoðun á vísir.is

6

Glæsilegar myndir frá Stjörnuhöfð Evrópulanda á suðurhveli:

# Augu Meyjunnar stara í tómið

**VÍSINDI** Kíkir Stjörnuhöfð Evrópulanda á suðurhveli (ESO) náði á dögunum einstaklega glæsilegri mynd af tveimur vetrarbrautum í órafjarlægð frá jörðu.

Vetrarbrautirnar eru jafnan kallaðar Augun og eru í 50 milljóna ljósára fjarlægð frá stjörnu-merknu Meyjunni.

Viðurnefnið er skiljanlegt þar sem þær minna óneitanlega á augu. Allt tal um vegalengdir er þó afstætt því að milli þeirra eru um 100 þúsund ljósár.

Talið er líklegt að einhver

tíma í fyrndinni hafi vetrarbrautirnar rekist saman. Vegna þess er rykský í kringum vetrarbrautina sem er ofar á myndinni. Það sama gæti hent okkar vetrarbraut og Andrómedu, sem liggur okkur næst. Ekkert er þó að óttast enn um sinn þar sem það verður ekki fyrr en eftir um 3 til 4 milljarða ára.

**AUGUN MÍN OG AUGUN ÞÍN** Vetrarbrautirnar minna óneitanlega á augu á þessari mynd, sem er hluti af átaki ESO til að kynna vísindi fyrir almenningi.

MYND/ESO



Tilkynnti um tapaða tösku:

## Fannst full af fíkniefnum

**SVIÐJÓÐ** Maður búsettur í Svíþjóð tilkynnti í júlí að önnur ferðataska hans hefði tapast á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn. Danska lögreglan fann töskuna og í ljós kom að í henni voru 10 kíló af fíkniefninu khat.

Maðurinn sagðist ætla að gefa systur félaga síns efnið í brúðkaupsgjöf og kvaðst ekki vita að khat væri fíkniefni. Sama dag og hann tilkynnti um tap töskunnar gripu tollverðir í Malmö hann með tæplega níu kíló af khat. Hann var dæmdur í 4 mánaða fangelsi.

# Minni þyrlur henta ekki Landhelgisgæslu

Forstjóri Landhelgisgæslunnar segir að hagkvæmast sé að fá þyrlu af sömu tegund og þær tvær sem fyrir eru. Minni þyrlur standist ekki samanburð við þær. Aldrei áður þyrlulaust hjá gæslunni frá því að bandaríski herinn fór.

### FRÉTTASKÝRING

Væri hyggilegt að kaupa minni og ódýrari þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna til að koma í veg fyrir að neyðar-ástand skapist vegna þyrluskorts?

Þyrlukostur Landhelgisgæslunnar komst í umræðuna á ný fyrir nokkru, þegar það atvikaðist að neyðartilvik kom upp í Kverkfjöllum einmitt þegar hvorug þyrla Gæslunnar var til taks.

TF-LÍF var erlendis í reglubundinni skoðun og TF-GNÁ varð fyrir minni háttar bilun og reyndist nauðsynlegt að panta varahlut að utan.

Brugðið var á það ráð að fá þyrlu lánaða frá Norðurflugi, sem flutti þyrlulækni nálægt slyssað.

Atvikið undirstrikaði þörfina á að þriðja þyrlan hið minnsta yrði keypt.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Georg Lárússon, forstjóri Landhelgisgæslunnar, að ef aðeins tvær þyrlur séu í rekstri sé við því að búast að þyrlulaust verði einstaka daga.

„Heppnin hefur verið með okkur fram að þessu og þetta er í fyrsta skipti sem við höfum ekki haft þyrlu tiltæka í útkall síðan herinn fór árið 2006.“

Georg segir að fjórar þyrlur þurfi að vera í rekstri til að tryggja það að tvær þyrlur séu starfhæfar hið minnsta. Hagstæðast sé að vera með þyrlur sömu tegundar,



**HENTA ÍSLENSKUM AÐSTÆÐUM** Þyrlur af gerðinni Super Puma þykja henta einkar vel við íslenskar aðstæður. Forstjóri Landhelgisgæslunnar segir að ekki borgi sig að kaupa minni þyrlur, þó vissulega sé þörf á að auka við þyrlukostinn.



GEORG LÁRÚSSON

heiminum.

Engu að síður segir Georg það ekki raunhæfan valkost að fjárfesta í minni þyrlu.

„Það er ekki talið hagkvæmt að fá minni þyrlu í flotann. Þó að fjárfestingin væri ef til vill ódýrari þá er það rekstrarlega og getulega óhagkvæmt. Minni þyrlur standast

meðal annars vegna varahluta og vinnu flugvirkja. Þyrlur af tegundinni Super Puma eins og TF-LÍF og TF-GNA eru þó ekki á hverju strái þar sem aðeins 10 til 15 eru til í

engan samanburð getulega við Super Puma, sem henta sérstaklega vel íslenskum aðstæðum.“

Georg bætir því við, aðspurdur, að þó að sjálfsagt sé að hafa þann mögulega opinn að geta kallað til einkaaðila sem eiga þyrlur eins og gerðist í fyrrnefndu tilfelli, séu engar þyrlur utan Gæslunnar almennt nothæfar sem björgunaryrslur.

Aðeins í sérstökum tilfellum, við réttar veðuraðstæður yfir landi, sé hægt að nýta þær.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum að íslensk stjórnvöld væru að leita að þyrlu, í samstarfi við Norðmenn. Enn um sinn er þó óljóst hvenær leitinni lýkur.

thorgils@frettabladid.is

## INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**

- Lita- og línufræði
- Tónalgreining
- Vaxtarbygging
- Heitt og kalt rými
- Stórt og lítið rými
- Uppröðun hluta

**Stílistun á:**

- Baðherbergi
- Svefnherbergi
- Barnaherbergi
- Eldhúsi
- Garðhýsi
- Stofu
- Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.

Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

Anna F. Gunnarsdóttir  
Stílisti

Helga Sigurbjarnadóttir  
Innanhúsráðgjafi

Þorsteinn Haraldsson  
Byggingafræðingur

**UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101**

Be a HERO.

## FYRIR HUGAÐA

**ÞÚ Í HD**

Ein vinsælasta HD myndbandsupptökuvél í heimi sem notuð er fyrir bílasport, vélsleða, jetski, báta, brimbretti, klífur, skotveiði, hjólræiðar, fallhlífastökk, hlaup, skíði, snjóbreitti, hjólabretti, köfun, flug, o.fl.

- 1080p HD myndbandsupptaka
- 5 Megapíxla ljósmyndir.
- Tíma ljósmyndun (2, 5, 10, 30 og 60 sek)
- Rafljóðuending 2,25 klst.
- Vatnshelt plashús (60m dýpi)

Sóluáðilar:  
Elko Granda, Lindir, Skéifan, Friðhöfnin og www.elko.is  
Púkinn.com - Grensásvegur 14  
Spennandi ehf. - Eikjuvogur 29 (umbo sa ili)

facebook.com/goproiceland

## Alþjóðleg björgunarmiðstöð á Íslandi

Íslendingar bjuggu afar vel að samstarfi við björgunardeild bandaríska varnarlíðsins á sínum tíma. Þyrlusveitir Bandaríkjamanna björguðu ófáum íslenskum lífum meðan á dvöl þeirra stóð og var að því leyti sjónarsviptir af brotthvarfi þeirra árið 2006.

Síðustu mánuði hafa þó verið uppi hugmyndir um að koma upp alþjóðlegri björgunarmiðstöð hér á landi, í ljósi þess að á næstu árum og áratugum er búist við

mikilli aukningu á skipaumferð um íslenska landhelgi. Það var til dæmis til umræðu á fundi Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra og Hillary Clinton, starfssystur hans í Bandaríkjunum, í maí síðastliðnum.

Verði þær hugmyndir að veruleika mun það verða til þess að auka öryggi innan landhelginnar og mögulega fylla upp í það skarð sem bandaríski herinn skildi eftir sig á sínum tíma.

Björgunarsveitir sinntu um það bil 250 aðstoðarbeiðnum á hálendinu í sumar:

## Heldur færri á ferð um hálendið

**SAMGÖNGUR** Heldur færri ferðamenn fóru um hálendið í sumar en undanfarin sumur samkvæmt mati björgunarsveitarmanna sem sinntu vakt á hálendinu. Aðstoðarbeiðnir voru litlu færri en í fyrra.

„Við höfum ekki neinar tölur um fjölda ferðamanna, en það var tilfinning okkar fólks að það væri minni umferð, sérstaklega á Kili og Sprengisandi,“ segir Ingólfur Haraldsson, umsjónarmaður hálendisvaktarinnar hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

Líklegt verður að teljast að hækkanði eldsneytisverð hafi áhrif, en Ingólfur segir að einnig verði að horfa til þess að hálendis-

vegir á borð við Sprengisand hafi opnað seinna í ár en síðustu ár.

Hálendisvaktin sinnti um 250 aðstoðarbeiðnum í sumar, samanborið við 270 síðasta sumar. Um 20 sjálfboðaliðar björgunarsveitanna voru á hálendinu alla daga, og fóru samtals 920 manndagar í vaktina þetta sumarið, segir Ingólfur.

Verkefnið sem vaktin sinnti voru fjölbreytt. Í helmingi tilvika var fólk í vandræðum með bíla, til dæmis sprungin dekk, ýmiskonar bilanir eða var búið að festa bílinn. Í öðrum tilvikum þurfti að veita fyrstu hjálp, aðstoða fólk í vondu veðri eða göngumenn sem höfðu örmagnast.

-bj



**Á VAKTINI** Verkefni hálendisvaktarinnar voru fjölbreytt, en í helmingi tilvika var fólk í vandræðum með ökutæki sín.

MYND/LANDBJÖRG

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

**MEIRI FRÓÐLEIKUR**  
Meiri Vísir.

# ÚTSALA REKKJUNNAR

**KING KOIL**  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 163.600 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**98.160 kr.**  
ÞÚ SPARAR 65.440 kr.

**KING KOIL**  
King Size rúm (193x203 cm)  
FULLT VERÐ 264.223 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**158.534 kr.**  
ÞÚ SPARAR 105.689 kr.

# 30-70% AFSLATTUR!



# 50% AFSLATTUR

**DUCESS**  
Queen Size rúm (153x203 cm)  
FULLT VERÐ 238.175 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**119.088 kr.**

**DUCESS**  
Cal King rúm (183x213 cm)  
FULLT VERÐ 314.367 kr.  
**ÚTSÖLUVERÐ**  
**157.184 kr.**

#### DUCESS

- 3 svæðaskipt svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Stuðningur við bak
- Tviðert sérvalið stál í gormum
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur

**ADDEINS  
ÖRFA  
FYRSTIR KOMA -  
FYRSTIR FÁ!**

# rekkjan

## FRÉTTAVIDTAL: Vandana Shiva berst gegn erfðabreyttum matvælum



BARÁTTUKONA Vandana Shiva hefur um árabíl verið í fararbroddi í gagnrýni á erfðabreytt matvæli og gefur ekkert eftir. Hún verður með fyrirlestur í Háskólabíói í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Baráttan er alls ekki kvöð

**Heimspækt baráttukona heldur fyrirlestur um umhverfismál í Háskólabíói í dag. Segir Ísland hafa möguleika á að taka forystu í málaflokknum. Fjölbreytt baráttumál hennar snúast öll um lífið.**

Indverska baráttukonan Vandana Shiva hefur um árabíl verið í eldlínu baráttunnar fyrir vernd náttúru í víðasta skilningi þeirra orða. Hún er stödd hér á landi og heldur fyrirlestur í Háskólabíói í dag. Áður en að því kemur mun hún hins vegar funda með Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra, Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra og Jóni Bjarnasyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áherslur í skrifum Shiva og fræðistörfum varða meðal annars sjálfbæra þróun og líffræðilegan fjölbreytileika, lýðræði, mannréttindi, kvenréttindi og ekki síst þrotlausu baráttu gegn framgangi erfðabreyttra matvæla.

Hún hefur skrifað ótal greinar og fjölda bóka um sín hjartans mál. Bók með úrvali úr verkum hennar kemur út á íslensku á vegum bókaútgáfunnar Sölu í dag.

*Umhverfisvernd, mannréttinda-barátta og feminísmi eru meðal þinna baráttumála. Hvernig sam-einarðu öll þessi málefni?*

Þau eru í raun öll af sama meidi. Þau lúta öll að lífinu. Líffræðilegur fjölbreytileiki er lífið, vatn er lífið, loftslagsbreytingar tengjast lífinu og svo eru réttindi tengd náttúru, mannréttindum og kynjajafnrétti tengd lífinu á einn eða annan hátt. Í heimi þar sem öllu er sífellt skipt upp í einingar, virðast þau vera mismunandi málefni, en í huga mínum, hjarta og vitund eru þau eitt hið sama.

*Hvert var upphaf baráttustarfa þinna?*

Fyrst tók ég þátt í baráttu gegn eyðingu skóga í Himalajafjöllum þar sem ég ólst upp. Árið 1981 hóf hópur kvenna á svæðinu herferð þar sem við stóðum vörð um trén með því að faðma þau. Ef það

átti að höggva niður trén yrði að höggva okkur niður fyrst.

Áhugi minn á umhverfismálum hafði þó vaknað af alvöru árið áður. Það vakti athygli mína að allt um kring um Bangalor-borg, þar sem ég bjó, hafði ræktun eucalyptus-trjáa stóraukist allt þar í kring. Þá komst ég að tilvist stofnunar sem heitir Alþjóðabankinn, sem var að fjármagna þessa umbreytingu lands frá matvælarækt yfir í eucalyptus-rækt.

Árið 1984 fékk ég svo aðra vakningu þegar ég sá hryðjuverk og önnur neikvæð áhrif af „grænu byltingunni“ í Punjab-héradi á Indlandi. Það vakti upp hjá mér spurningar um hvers vegna

Önnur rökin eru vísindalegs eðlis. Breytingar á lífkerfi þar sem erfðafnum er bætt við plöntur, felur í sér röskun á náttúrulegu jafnvægi.

Þróun er eðlileg í náttúrunni en í Bandaríkjunum eru nú gríðarleg landsvæði, um 6 milljónir hektara þar sem ofurillgresi hefur tekið sér rötfestu. Við lífræna ræktun verður ekki til þess háttar illgresi vegna þess að þar viðheldur náttúrulegt jafnvægi sér.

Hið þriðja sem fólk verður að átta sig á er að erfðabreytt matvæli eru aðeins afsökun fyrir stóra atvöðinu í þessum málum, sem er einkaleyfavæðing í landbúnaði heimsins og innheimta afnota-

getur tekið sér stöðu sem lífrænn ræktandi með afurðir sem eru metnar að verðleikum bæði innan lands og utan.

*Þegar þú lítur yfir feril þinn, hvað finnst þér vera helsta afrek ykkar umhverfisverndunarsinna?*

Fyrir löngu var því spáð að um síðustu aldamót yrðu erfðabreytt matvæli einráð á markaði. Það hefur sem betur fer ekki gerst og þau eru enn í minnihluta. Þá höfum við tryggt tilvist 3.000 tegunda af hrísgrjónum. Við erum með hálfa milljón bænda innan okkar raða sem framleiða lífræn matvæli. Ekki nóg með að hefðbundin framleiðsla sé enn við lýði, heldur þrífst hún vel og er sannarlega framtíðin.

*Kjörlausn vandamála á heimsvísu, að þínu mati, er væntanlega aukið vægi lífrænnar ræktunar og endalok risafyrirtækja sem framleiða erfðabreytt matvæli. Er það raunhæft takmark?*

Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að fella risafyrirtækin því að þau eru fullfær um að skemma fyrir sér sjálf.

Kæruleysi Monsanto hefur getið af sér ofurillgresi sem hafa vakið bandaríska bændur til umhugsunar um erfðabreytt fræ. Okkar verkefni er að vera búin undir það þegar risafyrirtækin falla. Náttúra og lýðræði, vilji almennings, verður þar í forgrunni. Þessari baráttu mun sennilega aldrei ljúka, en á meðan við stöndum klár á því að það sem við erum að berjast fyrir er lífið sjálft, réttur til lífs, fegurð lífsins og gleði, þá verður baráttan aldrei kvöð.

Fyrirlesturinn hefst klukkan 17 í dag og er öllum opin. Aðgangur er ókeypis, en að fundinum standa Háskóli Íslands, EDDA – öndvegisetur, Slow Food Reykjavík og Framtíðarlandið.

Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að fella risafyrirtækin því að þau eru fullfær um að skemma fyrir sér sjálf.

Þúsundir manna væru að deyja þegar verkefnið átti í raun að snúast um frið. Þarna vildi ég fá svör og þess vegna fór ég til Punjab til rannsókna og gaf síðar út bókina Ofbeldi grænu byltingarinnar.

Árið 1987 varð ég svo vitni að því þegar alþjóðleg risafyrirtæki fóru að vinna að alræði erfðabreyttra tegunda. Öll verslun með fræ yrði þar með háð einkaleyfum og auknið verslunarfrelsi var leiðin að því marki. Takmark þeirra var að fimm fyrirtæki myndu ráða allri matarframleiðslu. Það fannst mér líkjast einræðishyggju.

Þá hóf ég að safna fræjum, berjast gegn Alþjóðaviðskiptastofnuninni, skipuleggja baráttu bænda og vinna að framgangi lífrænnar ræktunar.

*Þú hefur alla tíð barist við alþjóðleg risafyrirtæki og alþjóðastofnanir. Hvernig tekst þér að koma þínum boðskap til skila?*

Fyrst og fremst komum við okkar boðskap á framfæri með því að hampa góðum mat. Við getum sýnt fram á að lífrænn matur, eða matur sem framleiddur er samkvæmt gildum líffræðilegs fjölbreytileika, er mun betri en matur sem framleiddur er úr erfðabreyttum matvælum.

gjalda. Til dæmis eru 95 prósent bómullarframleiðslu í Indlandi á höndum fyrirtækisins Monsanto, sem innheimtir um 10 milljarða dala á ári hverju þess vegna, frá fátækum bændum. Þeir steypa sér margir í skuldir vegna kaupa á fræjum en lenda svo í miklum vandræðum með að standa í skilum. Af þeim sökum hafa 250 þúsund indverskir bændur svipt sig lífi á síðasta áratug.

Hættan af þessari einokun á fræjum, sem eru fyrsta stigið í fæðuframleiðslu, þýðir ekkert annað en einræðisvald risafyrirtækja yfir lífinu sjálfu.

*Hver eru mikilvægustu málin fyrir Ísland í þessu samhengi?*

Það er tími til kominn fyrir Ísland, sem og öll önnur lönd, að byggja upp ónæmi fyrir fjárhættuspilinu sem viðgengst í alþjóðaviðskiptalífnum og einnig því fjárhættuspili sem fer fram varðandi erfðabreytt matvæli.

Sem eyja er Ísland í kjörstöðu til þess að vera í fararbroddi í lífrænni framleiðslu. Íslendingar ættu að leitast eftir því að auka hamingju landsmanna en ekki að bíða eftir því að alþjóðafjármálakerfið snúi aftur.

Ísland er enn óspillt að mestu og

**REYKJAVÍKUR**  
Fyrsta æfing Kvennakórs Reykjavíkur á baustönn er 31. ágúst. Spannandi verkefni eru framundan. Æft er tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga, á Vitatorgi. Ábugasamar konur hafi samband við kórstjórnann, Ágotu Joó, í síma 690-1867 eða jagota@internet.is.

**Söngfuglar athugið!**

**REYKJAVÍKUR**  
Fyrsta æfing Senjoríta Kvennakórs Reykjavíkur er 5. september. Æft er á mánudögum. Kórinn er ætlaður konum, 60 ára og eldri. Skráning nýrra kórfélaga er í síma 690-1867. Kórstjóri er Ágota Joó.

FORSÍDA VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



**ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VÍÐSKIPTUM Á VÍSI**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.



Meiri Vísir.

**vísir**

**Porgils Jónsson**  
thorgils@frettabladid.is





Skráðu þig á póstlistann á [www.promennt.is](http://www.promennt.is) og þú gætir unnið 100.000 kr. námskeið að eigin vali

# Innritun hafin...

Haust 2011

## Bókhalds- og Skrifstofunám

### ■ Skrifstofunám

Viðamikil og hagnýtt nám fyrir fólk á öllum aldri. Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu náminu eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritara og við bókhald. Kennendur er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni.

**Tölvugreinar:** Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

**Viðskiptagreinar:** Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

**Persónuleg færni:** Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf, íslensk og ensk. Söluþækni og markaðsmál.

Hefst 7. sept. Morgun- og kvöldhópar með möguleikanum að skipta á milli eftir því sem hentar hverjum og einum.  
Lengd: 260 std. (13 einingar) Verð kr. 199.000,-

### ■ Tölvu og bókhaldsnám

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri. Námsbrautin skiptist í tölvugreinar og viðskiptagreinar. Hægt er að taka þátt í fjarkennslu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu.

Hefst 7. sept. Morgun- og kvöldhópar með möguleikanum að skipta milli eftir því sem hentar hverjum og einum.  
Lengd: 200 std. (10 einingar) Verð kr. 153.000,-

### ■ Stök námskeið

**Bókhald 1** Lengd 115 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 12. okt.

**Bókhald 2** Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,- Hefst 8. sept.

**Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)**  
Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 14. nóv.

**Tollskýrslugerð** Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,- Hefst 5. des.

## Tölvuskólinn Isoft- Þekking verður PROMENNT

Nýtt nafn á gömlum og traustum grunni. Þó ennþá sama kennitalan, sama frábæra fólkið, á sama staðnum og hér eru auðvitað áfram sömu flottu nemendurnir! Nánar á [promennt.is](http://promennt.is)

## Vefur, grafík og myndvinnsla

### ■ Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag: Photoshop, Illustrator og InDesign.

Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,- Hefst 6. sept.

### ■ Myndbanda- og tæknibrellugerð

Skemmtilegt og gagnlegt nám fyrir þá sem vilja læra eftirvinnslu og klippingar myndbanda ásamt hönnun og gerð tæknibrella. Einnig eru tekin fyrir grunnatriði hreyfimyndagerðar. Unnið verður í Photoshop, Premiere Pro og After Effects.

Lengd: 100 std. Verð kr. 119.000,- Hefst 10. okt

### ■ Vefsíðugerð 1

Photoshop og Dreamweaver.

Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 7. sept.

### ■ Vefsíðugerð 2

Dreamweaver - Flash frh. - HTML og CSS

Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 10. okt.



Stök námskeið	Hefst	Lengd	Verð
Photoshop	7. sep	21 std	27.000,-
Dreamweaver grunnur	21. sep	26 std	29.000,-
Dreamweaver frh.	24. okt	21 std	27.000,-
Flash	10. okt	21 std	27.000,-
Illustrator	24. sep	31 std	44.000,-
InDesign	13. sep	31 std	44.000,-
WordPress – Vefurinn minn	13. sep	26 std	29.000,-
Stafrænar myndavélar & Picasa	20. sep	16 std	18.000,-

## Almenn tölvunámskeið

### ■ Almennt tölvunám

Windows – Word – Excel – Internet – Outlook

Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 7. sept morgun- og kvöldhópar

Stök námskeið	Hefst	Lengd	Verð
Word 2010	9. sept	21 std	27.000,-
Excel 2010	21. sept	21 std	27.000,-
Excel frh. Stjórn & skipulag	19. sept	14 std	27.000,-
Outlook 2010	30. sept	10 std	15.000,-
PowerPoint 2010	5. okt	10 std	15.000,-

# PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550  
promennt@promennt.is • [www.promennt.is](http://www.promennt.is)

FJARKENNSLA  
Í BEINNI

Microsoft Partner  
Silver Learning

GEYMIÐ  
AUGLÝSINGUNA

Rafmagnsreikningar heimilanna hafa hækkað umtalsvert á einu ári:

## 26 prósent hækking hjá OR

**ORKUMÁL** Heildarraforkukostnaður hjá heimilum landsins hefur hækkað umtalsvert frá því í júní 2010, samkvæmt nýrri verðkönnun ASÍ. Mest er hækkingin hjá viðskiptavinum Orkuveitu Reykjavíkur en heildarraforkukostnaður þeirra hefur hækkað um 26 prósent miðað við 4.000 kWst. notkun á ári.

Kostnaður hjá heimilum á svæði HS orku hefur hækkað minnst eða um fjögur prósent miðað við samþæfinguna notkun.

Allir raforkusalar hækkuðu gjaldskrár sínar nú í sumar, að

því er segir í fréttatilkynningu frá ASÍ. Mesta hækkingin var 20 prósent hjá Orkuveitu Reykjavíkur en minnsta hækkingin var hjá HS veitum, 3,6 prósent.

Einnig hafa allar dreifiveiturnar hækkað hjá sér gjaldskrána síðan í fyrrasumar. Mesta hækkingin var hjá Orkuveitu Reykjavíkur en minnsta hækkingin var hjá Rafveitu Reyðarfjarðar.

Hjá viðskiptavinum RARIK/Orkusölnunnar í þéttbýli hefur raforkukostnaður einnig hækkað umtalsvert eða um ný prósent. Rafmagnsreikningurinn á svæði



**HÆRRA RAFMAGNSVERÐ** Það er orðið dýrara að nota taupurrkarana en áður.

Orkubús Vestfjarða í þéttbýli hefur hækkað um 8 prósent. - ibs

Grunur um falsað vegabréf: Óþekktur maður settur í gæslu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti á föstudag úrskurð Héraðsdóms Reykjaness þess efnis að óþekktur karlmaður skuli sæta gæsluvarðhaldi til 6. september meðan íslensk lögreglufirvöld komist að því hver hann er.

Það var 21. ágúst sem lögreglan hafði afskipti af manningu í Leifsstöð er hann var að koma frá Kaupmannahöfn. Maðurinn framvísaði írösku vegabréfi með nafni sínu. Við skoðun á því vöknudu grunsemdir lögreglu um að það væri falsað. - jss



**VEISLA** Þúsundir múslíma á Inlandi setjast að snæðingi síðasta sunnudag í Ramadan. NORDICPHOTOS/AFP



„Umhverfi og mannkyni stafar nú mest ógn af miðstýringu og einokun. Sjálfbærni, réttlæti og friður fá ekki þrifist fyrr en fjölbreytni verður grundvöllur framleiðslunnar. Á okkar dögum er ræktun og viðhald fjölbreytninnar ekki munaður heldur forsenda þess að við lifum af.“

Vandana Shiva

# VANDANA SHIVA á ÍSLANDI

Opinn fyrirlestur í Háskólabíói

### Styrktaraðilar:

Umhverfisráðuneytið, sem er bakhjarl verkefnisins Vandana Shiva á Íslandi

Utánríkisráðuneytið Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið Reykjavíkurborg

Akur - Garðyrkjustöð Biobú Brauðhúsið Félag umhverfisfræðinga Fjarðarkaup Gló Heilsa Heilsuhúsið Íslandsbanki

Kaffitár Landvernd Maður Lifandi Matvís Melabúðin Móðir Jörð Nattura.is NLFÍ Ráðgjafaryrirtækið Alta Rúnar Sigurkarlsson og Hildur Guðmundsdóttir Sigurður Gísli Pálmason Skaftholt - Guðfínnur Jakobsson Vottunarstofan Tún Yggdrasil

29. ágúst 2011 kl. 17.00

(aðgangur ókeypis)



**EKKERT RENNANDI VATN** Íbúar höfuðborgar Líbíu, Trípólí, ná sér í vatn á birgðastöð. Ekkert rennandi vatn er í borginni og innviðir stjórnkerfisins eru rjúkandi rústir.

NORDICPHOTOS/AFP

## Óttast um 50 þúsund fanga

Ekki er vitað um afdrif tæplega 50 þúsund manns sem stjórn Gaddafís hélt föngnum. Uppreisnarmenn óttast um afdrif þeirra. Gaddafís er enn leitað.

**LÍBÍA, BBC** Óljóst er hvað orðið hefur um tæplega 50 þúsund Líbíubúa sem teknir voru höndum af mönnum Gaddafís, leiðtoga Líbíu. Grunur leikur á að fólkinu hafi verið haldið föngnu í neðanjarðarbyrgjum, sem nú hafa verið yfirgefin.

Ahmed Omar, ofursti og talsmaður uppreisnarhersins, sagði á blaðamannafundi í gær að merki hafi fundist um fjöldamorð nærri fangelsum, en hann ásaði þó engan um að standa fyrir þeim.

„Áætlað er að á milli 57 og 60 þúsund manns hafi verið handteknir á síðustu mánuðum. Á milli 10 og 11 þúsund fangar hafa verið frelsaðir, en hvar eru hinir?“

Omar hvatti alla sem eitthvað vissu um afdrif fanganna að koma þeim upplýsingum á framfæri og sagði að það væri óumræðanlega skelfilegt kæmi í ljós að fólkið hefði verið myrt.

Fjöldmörg lík fundust í yfirgefnum sjúkrahúsi í Trípólí í gær. Starfsfólkið flúði sjúkrahúsið á mánudag þegar átök brutust út í hverfinu. Á þessari stundu er óljóst hvernig fólkið dó, en Wye Davies, fréttamaður BBC, segir að líkin skipti hundruðum.

Breska fréttastofan hafði eftir lækni á sjúkrahúsinu, sem snúði hafði aftur til aðstoðar, að um fjöldamorð væri að ræða. „Það eru yfir 200 lík hér en engin rík-

isstjórn við stjórnvölinn. Hvað getum við gert? Við þurfum sárlega á alþjóðlegri aðstoð að standa til að ástandið versni ekki hratt.“

Samtökin Human Rights Watch segjast hafa sannanir fyrir því að hersveitir hliðhollar Gaddafí hafi myrt að minnsta kosti 17 fanga og tekið fjölda óbreytta borgara af lífi án dóms og laga, síðustu dagana áður en uppreisnarmenn náðu höfuðborginni á sitt vald.

Ekki er vitað hvar Gaddafí heldur sig, en margir uppreisnarmenn telja að hann sé í eða við heima borg sína Sirte. Stuðningsmenn hans eru þar enn undir vopnum.

Aðrar heimildir herma að Gaddafí sé enn í felum í Trípólí og er hans leitað þar dyrum og dyngjum. Ýmsir telja að Gaddafí hafi flúið land og dvelji nú í Alsír eða Egyptalandi.

Talsmaður hans bauð stjórn uppreisnarmanna til viðræðna um helgina með þjóðstjórn í huga, en uppreisnarmenn höfnuðu því boði þegar. William Hague, utánríkisráðherra Bretlands, lýsti því yfir að boðið einkenndist af ranghugmyndum á raunverulegri stöðu í landinu.

Uppreisnarmenn vinna nú hörðum höndum að því að koma innviðum höfuðborgarinnar í samt lag, en þar er við rannan reip að draga. Ekkert rennandi vatn er í borginni. kolbeinn@frettabladid.is



FORSÍDA

VIÐSKIPTI

ÍPÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN



## KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

Má bjóða ykkur meiri Vísí?

Meira úrval afþreyingar, fréttar og myndskjöla í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísí.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísí.



Meiri Vísir.

VÍSIR

# ÚTSALA

**ÖLL RAFTÆKI Í ELDHÚS  
ÞVOTTAHÚS Á ÚTSÖLU**

**Brandt ofnar, gufugleypar og helluborð  
með allt að 40% afslætti**

**Silit búsa höld – 40 % afsláttur**

**Candy heimilistæki á frábærum tilboðsverðum**

**Die Dietrich eldhústæki með allt að 50% afslætti**

**Hoover ryksugur 15-25% afsláttur**

**Saeco kaffivélar 15-35% afsláttur**

**Severin brauðvélar frá 9.990**

**William Sverrisson's pipar- og saltkvarnir með 25% afslætti**

*Opið virka daga 9-18  
og laugardaga 11-15*



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • [ef@ef.is](mailto:ef@ef.is) • [www.ef.is](http://www.ef.is)

Fer það saman að skattþína bíleigendur og gera samgöngur á Íslandi umhverfisvænni?

## Græn skattalækkun

Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið um að árið 2020 komi tíu prósent allrar orku sem notuð er í samgöngum á Íslandi frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Þetta er gott markmið og nauðsynlegt. Talsvert er til vinnandi að gera Ísland minna háð olíu, sem sífellt hækkar í verði. Orkuskiptin geta eflt nýsköpun og atvinnu og síðast en ekki sízt eru þau nauðsynleg til að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar um að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda.

### SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen  
olafur@frettabladid.is



Eins og rakið hefur verið í fréttaskýringum í Fréttablaðinu undanfarna daga erum við Íslendingar, sem stærum okkur þó af því að vera í fararbroddi í nýtingu endurnýjanlegrar orku, umhverfissóðar í samgöngum. Hér er hlutfallslega einn stærsti einkabílafloti í heimi, hlutfall

eldsneytisfrekra bíla er hátt og þrátt fyrir að meðaltalslosun gróðurhúsalofttegunda á bíl hafi farið minnkandi hefur heildarlosunin aukizt vegna fleiri bíla.

Að hluta til er hægt að ná markmiðum um umhverfisvænni bílaumferð með því að efla almenningssamgöngur. Hins vegar er fullkomlega óraunhæft að ætla annað en að einkabíllinn leiki áfram stórt hlutverk í samgöngum á Íslandi. Þar spila veðurfar og staðhættir meðal annars inn í. Þess vegna þarf að finna leiðir til að gera einkabílaflotann umhverfisvænni.

Eigi fólk að fást til að kaupa sér bíl sem gengur fyrir öðrum orkugjafa en sá sem fyrir er, þarf það að hafa til þess einhvern fjárhagslegan hvata. Sjálfsgert eru einhverjir hugsjónamenn sem kaupa sér rafmagns- eða vetnisbíl í þágu umhverfisins, en flestir munu þó láta budduna ráða. Það þarf því að finna leiðir til að gera bæði bílana og notkun þeirra ódýrari en hefðbundna benzínbíla.

Ríkisstjórnin vill „þróa skattaumhverfið“ til að það hvetji bæði neytendur og fyrirtæki til orkuskipta. Þó bendir fátt til þess, enn sem komið er, að hún sé reiðubúin að stíga einhver skref sem máli skipta til að lækka skatta á umhverfisvænum bílum og eldsneyti.


Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um að upphafleg markmið um að dísilolía yrði ódýrari en benzín, enda bæði notadrýgri og umhverfisvænni í bílvélum, hefur ríkisstjórnin ekki gert neitt til að gera dísilinn ódýrari og stuðla þannig að fjölgun dísilbíla. Sama á við um hugmyndir um að lækka aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af umhverfisvænum bílum til að stuðla að endurnýjun bílaflotans (sem er reyndar ekki bara umhverfismál, heldur líka öryggismál). Afleiðingin er sú að fáir kaupa sér nýja bíla og ríkið græðir þá ekki neitt á því að nýir bílar seljist, í stað þess að græða aðeins minna en ella.

Ástæðan fyrir þessari tregðu til að lækka skatta í þágu umhverfisins er sjálfsgert sú sem Sverrir Viðar Hauksson, verkfnisstjóri Grænu orkunnar, nefndi hér í blaðinu; samgöngum er ætlað að skila óheyrilega miklu í ríkiskassann og enn hefur verið hert á skattþinginu bíleigenda á seinni árum.

Vinstri græn fögnuðu því á flokksráðsfundi sínum um helgina að betur gengi að skattþína þjóðina og lögðu til að því yrði haldið áfram. Það er sjálfsgert í anda vinstri stefnu flokksins. Ætli flokkurinn, sem fer með bæði fjármálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið, átti sig ekki á því að til að ná fram grænu stefnunni sem hann kennir sig líka við geti þurft að lækka skatta á umhverfisvænum bílum og eldsneyti?

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAÐI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

\*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Allt sama tóbakið

Guðmundur Steingrímsson veltir nú flokksstofnun fyrir sér og verður spennandi að sjá hvað út úr þeim hræringum kemur. Þangað til niðurstaða kemst í það mál má skemmta sér við að lesa gamla grein hans úr Tímariti máls og menningar frá árinu 2001. Sú hét „Allt sama tóbakið“ og rýndi hann þar í stefnuskrár Íslenskra stjórnmálaflokka og komst að því að þær væru allar eins. Þá var Guðmundur í Samfylkingunni, en fór síðan í Framsóknarflokkinn. Kannski stefnuskrá nýja flokksins, verði hann að veruleika, verði nýtt lauf á tóbaksplöntunni.



#### Hentistefnurannsóknir

Valgerður Bjarnadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og varaformaður utanríkisráðgjafar Alþingis, telur enga þörf á að rannsaka stuðning Íslendinga við loftfárásir í Trípólí. Flokkur hennar fer þó framarlega í kröfum um rannsóknir á viðburðum sem hann ekki styður. Óvíst er hve margir hafa látið lífið af völdum loftfárásanna, en Valgerði finnst greinilega engum spurningum ósvarað um þátt Íslands; það hentar hennar flokki ekki vel.

#### Smá skakkaföll

Sumir sjá sér hag í að tala efnahagshrunið niður, setja kreppuna í gæsalappir og láta eins og um smávægilegan viðburð sé að ræða. Trauðla hefur þó verið gengið lengra í þá átt en í stjórnarsamþykkt Sambands ungra sjálfstæðismanna frá því á föstudag. Þar segir: „Þrátt fyrir skakkaföll í íslensku efnahagslífi síðastliðin ár...“ Skakkaföll kalla menn að fara yfir á reikningnum sínum eða missa yfirdrátt; ekki að efnahagskerfi heillar þjóðar hrynji. kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Virðing Alþingis

### Stjórn fiskveiða



Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri LIÚ

Verði frumvarp ríkisstjórnarinnar um stjórn fiskveiða að lögum er það niðurstaða áfangaskýrslu endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki þurfi að afskrifa 180 milljarða vegna keypra aflaheimilda. Við það minnkar eigið fé fyrirtækjanna samsvarandi og verður í mörgum tilvikum neikvætt.

Í hádegisfréttum ríkisútvarpsins þann 24. ágúst sl. kallaði formaður sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, Lilja Rafney Magnúsdóttir, þetta „einhverjar bókhaldsbrellur til eða frá“. Þessi ummæli formanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis eru í hæsta máta óábyrg. Þau bera ekki aðeins vitni um virðingarleysi fyrir lögum og reglum heldur lýsa þau skeytingarleysi gagnvart tugmilljarða hagsmunum sjávarútvegsfyrirtækjanna og þjóðarinnar í heild.

Sjávarútvegsfyrirtækin hafa keypt aflaheimildirnar til þess að ná fram nauðsynlegri hagræðingu í atvinnugreininni, efla starfsemi sína og skila meiri

verðmætum. Ef sú hagræðing, sem þau hafa náð með kaupum á aflaheimildum og sameiningu þeirra á færri skip, hefði ekki komið til væru gerð út allt of mörg skip með tilheyrandi sóun verðmæta.

Markmið laganna um stjórn fiskveiða var að atvinnugreinin sæi sjálf um nauðsynlega hagræðingu, ólíkt því sem víða gerist þar sem sjávarútvegur er stórlega ríkisstyrktur. Það er niðurstaða endurskoðunar- skrifstofunnar Deloitte að samkvæmt lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningsskilareglum beri að afskrifa keyptar veiðiheimildir verði frumvarpið að lögum. Við afskriftirnar verða skuldir fyrirtækjanna í mörgum tilvikum meiri en eignir þeirra og þau því í raun gjaldþrota.

Samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti hvílir þá sú laga- skylda á fyrirsvarsmönnum fyrirtækjanna að gefa þau upp til gjaldþrotaskipta. Ummæli alþingismannsins bera ekki vott um mikla virðingu fyrir lögum sem Alþingi hefur sett.

# Kerfið þegir



**Í DAG**  
**Guðmundur Andri Thorsson**  
 rithöfundur

Maður hefur svolítið verið að bíða eftir því að meiri og minni spámenn tjáðu sig um frumvarp stjórnlagaráðsins að nýrri stjórnarskrá. Kannski eru allir enn að hugsa. Allir stjórnmálafræðingarnir, heimspek-ingarnir, stjórnmálamennirnir, háskólamennirnir, já og lögfræð-ingarnir sem alltaf eru að fella úrskurði sína í fréttatímumum...

Kerfið þegir. Það kunna að vera varnarviðbrögð, rétt eins og þegar kerfismenn reyndu á sínum tíma að koma með öllum ráðum í veg fyrir að Stjórnlagabing yrði haldið, og virtist um hríð ætla að takast að ónýta málið í Njálustífl; ryðja dóminn með tilvísun til þykktar og hæðar á þili milli bása.

Það tókst ekki. Og það sem meira er: það fólk sem valdist til starfa á stjórnlagabing og endaði í nokkuð löskuðu stjórnlagaráði hefur vakið athygli og almenna addáun fyrir það hvernig því tókst að vinna saman, tala saman og þoka landinu okkar áfram í lýðræðisátt, þótt við rannman reip sé að draga og voldug öfl vinni gegn því.

Kjörsókn var vissulega léleg, vegna þess að margir trúá því enn að lýðræðið sé tóm vesen og vitleysa. Það má þó heita merki-legt hversu mikill þverskurður þjóðarinnar valdist til þess að setja okkur stjórnarskrá, hversu vel valdir fulltrúar þetta reyndust vera. Þarna voru lækna og heimspekingar, stærðfræðiséní og álitsgjafar, háskólamenn, alþýðufólk, bændur og verka-lýðsfrómuðir, leikstjórar, lög-fræðingar, fjölmiðlafólk, frægir og ófrægir, karlar og konur, búsáhaldabyltingarhetjur og hvunndagshetjur, vinstri, hægri, mið og pólitísk viðrini, grínistar, nöldrara, ungir, gamlir... Eigin-lega allir, nema kannski full-trúar þeirra sem hafa stjórnað landinu undanfarna áratugi; fulltrúar kerfisins.

Sem þegir.

### Orðlausir af hrifningu?

Sem sagt, þetta ólíka fólk gat sest niður og rætt saman um það hvernig samfélag við viljum hafa hér, hver réttindi borgaranna eigi að vera, hvernig stjórnskipun skuli háttað. Þegar við eftirlátum ekki lengur eintömu hagsmuna-gæslumönnum og valdapoturum að stjórna landinu þá deilum við nefnilega furðu mikið ákveðnum grundvallarhugmyndum um rétt og rangt, verðmæti og leikreglur, þrátt fyrir allt.

En kerfið þegir. Er það vegna þess að þetta þyki almennt svona góðar tillögur? Kannski. Önnur og öllu sennilegri skýring er þó ef til vill sú að ekki standi til að gera neitt með þetta. Það eigi bara að stinga þessu niður í skúffu eins og hverju öðru velmeintu orðagjálfri.

Það hefur flogið fyrir að núverandi forseti Alþingis ætli málinu aðeins einn dag í umræðu á alþingi og svo standi til að vísa því til nefndar sem enn hefur að vísu ekki verið skipuð – og þar með er stjórnar-skrámálið á ný í höndum flokk-anna á alþingi sem geta hummað það fram af sér næstu öldina eða svo.

Þar hafa menn nánast gert það að listgrein að ná ekki niður-stöðu í stjórnarskrámálið.

### Öll völd í hendur... forsetanum?

Því að þessi nýju drög að stjórnarskrá eru nefnilega hljóð-lát bylting. Þau geyma atlögu að flokksræðinu íslenska sem við höfum þekkt og búið við alla okkar fullveldistíð. Verði þau að lögum verður vald þingsins aukið stórlega á kostnað valds ráðherra: og veitir ekki af því að stugga við ráðherraræðinu sem valdið hefur lýðveldinu ómældum skaða á umliðnum áratugum með gerræði, delu og klíkuráðningum. Samkvæmt frumvarpinu yrði til dæmis óhugsandi að ráðherra geti látið eins og einræðisherra í sínum málaflokki og hundsáð vilja þingsins eins og nú tíðkast til að mynda hjá landbúnaðarráð-herra. Raunar virðast ráðherra (sem ekki mega vera þingmenn) ekki einu sinni fá að taka til máls úr ræðustól þingsins nema eftir því sé leitað sérstaklega. Forseti fær aukið hlutverk á ýmsum sviðum, kemur meira að mannaráðningum en nú er, skip-un dómara og ráðningu æðstu embættismanna, synjunar- eða áfrýjunarvald hans er áréttáð og hlutverk hans í stjórnamyndun gert afdráttarlausara en nú er. Og ekki nóg með það: Eftir að hafa ráðfært sig við þingmenn og þingflokka – vel að merkja

Sem sagt, þetta ólíka fólk gat sest niður og rætt saman um það hvernig samfélag við viljum hafa hér, hver réttindi borgaranna eigi að vera, hvernig stjórnskipun skuli háttað.

ekki flokksformenn – „gerir forseti Íslands tillögu til þingsins um forsætisráðherra“ eins og segir í 90. grein frumvarpsins. Og svo velur forsætisráðherrann sér ráðherra. Og þingið þarf að samþykkja. Þarna virðist forsetinn óneitanlega orðinn býsna valdamikill. Hann gæti þess vegna gert tillögu um einhvern utan þings og þarf ekki frekar en hann vill að fara að vilja flokkanna.

Það verður spennandi að fylgjast með stjórnamyndunum. En byltingin er ekki síst þessi: Í 39. grein segir: „Atkvæði kjósenda alls staðar á landinu vega jafnt.“ Þetta er róttæk hugmynd. Verði hún að veruleika verða afleiðingarnar margvíslegar. Fulltrúar fámennta stétta sem bundnar eru við tiltekna landshluta munu eiga erfiðara með að standa í vegi fyrir umbótum í þjóðar-hag. Alþingismenn verða síður gæslumenn tiltekinnar þröngra hagsmuna og héraðssjónarmiða – skuldbundnir fámennum kjósendahópi – en starfa fremur í þjóðarhag í viðasta skilningi. Það kerfi sem hér hefur verið við lýði, þar sem valdir fulltrúar eru við kjótkatla og útdeila þaðan gæðum gegnum flokka-kerfið, burtséð frá verðleikum, gæti horfið og heilbrigðari for-sendur ráðið þegar ákvarðanir eru teknar.

Í heild er bálkurinn merki-legt skref og verðskuldar mikla og góða kynningu og almenna umræðu í samfélaginu: og í ljósi þess mikla áhuga sem ríkis-stjórnin hafði á því að koma þessari vinnu af stað er undar-legt hvað hún virðist fátal um afraksturinn.

Eða kannski ekki. Kerfið þegir. Og þegir og pumbast. Og skipar nefnd.

# Lögreglumaður mun ávallt svara kalli þínu!



**Kjaramál**  
**Heiða Rafnsdóttir**  
 sambýliskona  
 lögreglumanns og fv.  
 lögreglumáður

Lögreglumenn mega ekki fara í verkfall. Margir velta eflaust fyrir sér hvort verkfall þessarar stéttar sé í raun framkvæmanlegt í ljósi þess í hverju starfið felst. Kjaraáráttá lög-reglumanna hefur verið í gangi lengi og baráttan við niðurskurð hefur verið blóðug. Lögreglu-menn hafa verið samningslausir í tæpa 270 daga en núna er beðið niðurstöðu gerðardóms. Með þeirri niðurstöðu mun framtíð margra lögreglumanna vafalaust ráðast.

Árið 2007 skrifaði ég grein í Lögreglublaðið sem fjallaði um kjaramál. Ég vil vitna hér í hluta hennar:

„Með þessum skrifum mínum vil ég fyrst og fremst benda lög-reglumönnum á það að grunn-launin hljóta að skipta öllu máli í komandi kjaraáráttu. Ég vil bara ítreka mína skoðun þess efnis að lögreglumenn eiga ekki að þurfa að treysta á aukavinnu og/eða vaktavinnuálag til þess að tryggja sér viðunandi launa-kjör. ...

Þeir eru eflaust margir, ég meðtalin, sem hafa undanfarið velt fyrir sér hvort þeir ættu að skilja við þennan starfsvettvang og jafnvel einhverjir sem hafa ekki átt annarra kosta vól, þrátt fyrir brennandi áhuga á starfi-nu. Margir nákomnir mér hafa hneykslast á aðgerðaleyfi mínu og hvatt mig til þess að leita að betur launuðu starfi og nýta til þess þá háskólamenntun sem ég varð mér úti um áður en ég gekk til liðs við lögregluna. Ég er hins vegar enn þá haldin þessari löng-un sem „hrjáir“ eflaust margra samstarfsmenn mína, að halda

mig til í starfi og vona að betri tímar séu framundan. Enn fremur harðneita ég því að hrekjast úr starfi sem ég kann vel við og láta í minni pokann vegna hluta sem á að vera hægt að breyta. Ég ætla að tóra á meðan ég stend undir því! Það má kalla það heimsku, þrjósku, en ég kæri ég mig ekki um að láta utanaðkomandi öfl stýra því hvert ég kys að beina mínum starfskröftum. ...“

Þetta var ritað árið 2007, á einum mesta uppgangstíma sem þekkt hefur á Íslandi. Lögreglu-menn voru samt sem áður komnir í mikil vandræði og fjölmargir þeirra búnir að yfirgefa stéttina vegna lágra launa. Niðurskurður og sparnaður var hafinn. Enginn hefði þá getað gert sér í hugar-lund hversu mikið ástandið átti eftir að versna. Ég sjálf gafst upp, skömm frá því að segja, en hugsjónir borga víst ekki reikninga eins og alkunna er.

Lögreglumáður mun svara kalli þínu þegar þú þarft á að halda. Lögreglumáður mun ekki skorast undan ábyrgð sama hvaða aðstæður koma upp. Lög-reglumáður mun ekki láta þig bíða lengur en hann sjálfur mögulega ræður við! Lögreglu-máðurinn getur verið þinn besti vinur, algjör dýrilingur þegar mest á reynir. Lögreglumáðurinn sinnir verkefnum sem þú vilt ekki vita af og þarft ekki að vita af. Hann stígur fram og framkvæmir þegar aðrir hörfa eða gefast upp.

Ég bið þig, ágæti lesandi, að gefa þér tíma til þess að hugsa um hvaða þýðingu það hefur fyrir þig að geta kallað til lög-reglu á ögurstundu? Hvaða þýð-ingu hefur það fyrir þig þegar þú ert í minniháttar vandræð-um, eða þegar gert hefur verið á hlut þinn, þegar þú eða þínir nánustu lenda á villigötum, blæðir eða hafa gefist upp og sjáið enga lausn í auglýn? Lög-reglumáðurinn er oft kallaður

„laganna vörður“ en mundu að það þýðir að honum ber fyrst og fremst skylda til þess að standa vörð um þinn líkama, æru og eignir. Hann mun hlusta á þig, vísa þér veginn, veita þér ráð, aðhald og aðstoð. Hann mun virða þig óháð aldri, þjóðfélags-stöðu, þjóðerni, andlegu eða líkamlegu ástandi. Hann mun gera sitt besta til að sjá til þess að þín réttarstaða verði tryggð hvort sem þú ert brotaþoli eða sakborningur.

Geturðu hugsað þér tilveru þar sem ekki er hægt að kalla á lögreglumann? Geturðu hugsað þér að fækkað verði enn frekar í röðum lögreglumanna, bún-aður þeirra verði af skornum skammti, notkun lögreglubif-reiða verði takmörkuð enn frekar, allt í sparnaðarskyni. Þykir þér það ásættanlegt að enn fleiri góðir lögreglumenn þurfi að yfirgefa starf, sem þeir sinna að ástríðu, einungis af fjárhags-legum ástæðum. Fæst þú til þess að trúa því að ótæpilegur niður-skurður til lögreglumála hafi ekki varanlegar afleiðingar?

Hverjar telur þú vera grunn-forsendurnar fyrir því að öryggi þitt sem borgara sé tryggt? Lög-reglumenn munu ávallt svara kalli þínu en þeirra stakkur er sniðinn af öðrum mættarvöldum og sá stakkur er fyrir löngu orð-inn allt of lítill og auk þess gat-slitinn. Það eitt er víst að lög-reglumenn eru hugsjónamenn, þeir vilja sinna starfi sínu af umhyggju og fagmennsku. Undir núverandi kringumstæðum hlýtur það hins vegar að vera á fárra færi þar sem álag vegna niður-skurðar, vinnubrælkunar og eigin fjárhagsáhyggja hafa fyrir löngu dregið mátt úr flestum lög-reglumönnum. Munu stjórnvöld gera það sem þarf til að létta byrði þeirra svo þeir geti áfram verið til staðar í líkama ekki síður en anda... fyrir þig ágæti lesandi!

## Skiptu út gömlu

# gólfþvottavélinni

## fyrir nýja



**TASKI** by Diversey

Allar gerðir gólfþvottavéla skoðaðar og verðmetnar

Verðmat fæst sem greiðsla upp í nýja vél

- Úrval hágæða gólfþvottavéla
- Öflug viðgerða- og varahlutabjónusta



**TANDUR** Sími 510 1200 / [www.tandur.is](http://www.tandur.is)



Eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

**Stefán Sch.**

**Thorsteinsson**

Árvangi, Mosfellsdal,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 20. ágúst síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Mosfellskirkju þriðjudaginn 30. ágúst kl. 13.00.

Erna Tryggvadóttir

Einar Sch. Thorsteinsson

Tryggvi Sch. Thorsteinsson

Þórhildur Sch. Thorsteinsson

Stefanía Ósk Stefánsdóttir

og barnabörn.

Steinunn Egilsdóttir

Guðmundur B. Sigurðsson

Lárus Bragason



Elskaður eiginnmaður minn, faðir  
okkar, tengdafaðir og afi,

**Halldór Magnússon**

f.v. framkvæmdastjóri Skeljungs,  
Sunnubraut 36, Kópavogi,

sem lézt á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 22. ágúst síðastliðinn, verður jarðsungið frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 30. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð líknardeildar LSH, s. 543 1159.

Jóhanna Guðmundsdóttir

Vilborg Halldórsdóttir

Steinunn Halldórsdóttir

Oddný Halldórsdóttir

Helgi Björnsson

Orri, Björn Halldór, Sunna, Hanna Alexandra, Þórunn Soffía, Halldór Sörli, Júlía Sif og Fannar Alexander.



Ástkær eiginnmaður minn, sonur,  
bróðir, tengdasonur, mágur og frændi,

**Ragnar Heiðar**

**Kristinsson**

húsasmíðameistari, Bæjarbrekku 10,  
Álftanesi,

sem varð bráðkvaddur á heimili sínu fimmtudaginn 18. ágúst, verður jarðsungið frá Vídalinskirkju þriðjudaginn 30. ágúst kl. 13.

Ragnheiður Katrín Thorarensen

Ingibjörg Magnúsdóttir

Hulda Björk Ingibergsdóttir

Kristín Þorvaldsdóttir

Þorvaldur Jón Kristinsson

Ólafur Kristinsson

Oddur C.S. Thorarensen

Elín Thorarensen

Alma Thorarensen

og frændsystkin

Þorbjörg Inga Jónsdóttir

Unnur L. Thorarensen

Úlfar Örn Friðriksson

Sindri Sveinbjörnsson

Vegna útfarar Hönnu Lilju Valsdóttur og Valgerðar Lilju Gísladóttur verður lokað hjá Lagarökum lögmannsstofu eftir hádegi mánudaginn 29. ágúst.

**LAGARÖK**

- stíflur 1982 -



**Legsteinar  
og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAİK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**INGRID BERGMAN LEIKKONA (1915-1982)** var lést þennan dag, sem var afmælisdagur hennar.

„Hamingjan felst í góðri heilsu og slæmu minni.“

**PETTA GERÐIST: 29. ÁGÚST 2005**

## Fellibylurinn Katrín gekk á land

Gríðarlegt eignatjón varð þegar fellibylurinn Katrín gekk á land á suðurströnd Bandaríkjanna þennan dag árið 2005 en manntjón varð minna en óttast var, enda var viðbúnaður mikill þegar ljóst var hvert fellibylurinn stefndi. Um milljón manns þusti út í bíla og hélt út á þjóðvegina á flotta undan flóðinu. Skemmdirnar urðu mestar í

Louisiana og Mississippi og varð elsti hluti borgarinnar New Orleans einna verst úti enda er hann undir sjávarmáli. Við Pontchartrain-vatn fóru heilu hverfin á bólakaf og í Biloxi fuku hús eins og spilaborgir enda var vindstyrkur um það bil 55 metrar á sekúndu.

Oliuverð náði áður óþekktum hæðum vegna bylsins.



HLUTIRNIR EIGA SÉR SÖGU Þóra segist breyta hlutum og setja í annað samhengi og þá verði til ný saga.

ÞÓRA FINNSDÓTTIR: VALIN EINN FLOTTASTI LEIRLISTAMAÐUR DANMERKUR

## Nýtir íslenska bakgrunninn

Hin hálf íslenska Þóra Finnsdóttir hefur verið valin einn af fimm flottustu leirlistamönnum Danmerkur af danska hönnunartímaritinu Rum. „Ég er mjög stolt af þessu. Þetta er alveg ný upplifun fyrir mig,“ segir Þóra Finnsdóttir sem hannar undir merki sínu Finnsdóttir.

Þóra segir að starfsmenn tímaritsins hafi fylgst með henni í nokkur ár. „Fólkið sem vinnur á Rum skoðar það sem er að gerast í hönnunarheiminum og sá verkin mín fyrir nokkrum árum,“ segir Þóra. Í tilnefningu blaðsins kemur fram að leirlist Íslendingans Þóru Finnsdóttir eigi sér djúpar rætur í skandinavískri hönnunarhefð. Vörur hennar beri sérstakt yfirbragð og hvert smáatriði sé skapað í höndum listamannsins úr fínustu efnum og telji allt frá vösum og kertastjökum til skartgripa og annarra einstakra vara. Einnig kemur fram að hún noti sinn íslenska bakgrunn og landsins miklu andstæður sem innblástur í nýjustu línur sínar.

Þóra fæddist í Reykjavík og bjó hér á landi



**ÍSLENSKAR ANDSTÆÐUR** „Ég vinn mikið með form sem tengjast hversdagslífinu,“ segir Þóra Finnsdóttir.

þar til hún varð rúmlega tveggja ára. Móðir hennar er íslensk. „Ég kom oft til Íslands þegar ég var yngri. Ég á stóra fjölskyldu hér á landi en ég hef mest samband við móðursystur mína.“

Þóra er menntaður hönnuður frá Danmarks Design Skole og útskrifaðist fyrir tveimur árum. Hún leggur áherslu á að hönnun hennar gangi gegn hinu venjulega. „Ég vinn mikið með form sem tengjast hversdagslífinu en það getur til dæmis verið glerskál, bolli eða jafnvel rör. Hluturinn hefur sögu vegna lögunar hans og þegar fólk lítur á hann veit það fyrir hvað hann stendur,“ segir Þóra og heldur áfram: „Ég breyti hlutum, geri hann úr öðru efni og set í annað samhengi. Þá verður til ný saga í kringum hlutinn en fólk þekkir hann samt,“ útskýrir Þóra og bætir við að fólk kannist oft við lögun hlutanna sem hún gerir eða mynstrin. Vörur Þóru munu fást í verslun Mýrarinnar í Kringlunni á komandi misserum.

martaf@frettabladid.is



Ástkær eiginnmaður minn, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Erlingur Herbertsson**

**Reinhold Kummer**

blikksmíðameistari,  
Sóleyjaríma 7, áður til heimilis að  
Lindargötu 30,

sem lést miðvikudaginn 24. ágúst á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, verður jarðsungið þriðjudaginn 30. ágúst klukkan 13.00 í Fossvogskirkju.

Sonja Valdemarsdóttir

Kristín Erlingsdóttir

Valgerður Kummer, Magnús S. Ármannsson

Ragnar Kummer, Þóra Björk Sigurþórsdóttir

Guðríður Dagný Erlingsdóttir, Ágúst Guðmundsson

Sonja Erlingsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn



Móðir okkar og amma,

**Steinunn Karlsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu miðvikudaginn 24. ágúst síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 31. ágúst kl. 13.

Áslaug Sturlaugsdóttir

Svandís Sigurðardóttir

Daniel Grímsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



**Heimilishald fyrr á öldum** er hægt að sjá á Árbæjarsafni. Sumaropnun safnsins lýkur miðvikudaginn 31. ágúst svo nú fer hver að verða síðastur. Safnið er opið milli klukkan 10 og 17 en frá 1. september til 30. maí er boðið upp á leiðsögn mánudaga, miðvikudaga og föstudaga klukkan 13. [www.minjasafnreykjavikur.is](http://www.minjasafnreykjavikur.is)

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** [brynjadan@365.is](mailto:brynjadan@365.is) 512-5465 **Snorri Snorrason** [snorris@365.is](mailto:snorris@365.is) 512

## Myndlistavörur í miklu úrvali



LISTALAGERINN  
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900 - [www.jarnkler.is](http://www.jarnkler.is)

Fríða Jónsdóttir hefur lagt heimilið undir antikmarkað í Skerjafirðinum.



## Í Húsi fiðrildanna

FRAMHALD | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hitastýrð sturtu blöndunar-tæki með höfuð- og handúðara með nuddi.

Tilboð  
69.400



Dragháls 14 - 16 Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík Fax 4 12 12 01 [www.isleifur.is](http://www.isleifur.is)

# SUMARTILBOÐ

**70% afsláttur af pífum á rúm**

Er til rykk og slétt, í mörgum litum og stærðum.

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



**BOAS SVEFNSÓFI**  
Tilboð 127.425,-



Stóri stuðningspúðinn kominn aftur  
19.900

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**HOLLUR BITAFISKUR**  
+80% prótín  
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

**GULLFISKUR**  
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · [RAFVORUR@RAFVORUR.IS](mailto:RAFVORUR@RAFVORUR.IS)

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍRÓTTIR LÍFIÐ UMFRÆÐAN

**VÍSIR**  
Meiri Vísir.

## Framhald af forsiðu

**F**ríða Jónsdóttir ljósmyndari hefur breytt heimili sínu að Hörpugötu 10 í Skerjafirðinum í antikmarkað en sjálf er hún búsett í Belgíu. Upphafið að markaðnum var létt fjáröflun fyrir ferð sonarins til útlanda sem vatt upp á sig.

„Mér fannst þetta svo stórkostlegt tækifæri fyrir hann en honum bauðst að fara til Kenía. Ég fyllti því tvær ferðatöskur af postulíni af mörkuðunum hér í Belgíu og lét orð berast í vinkvennahópnum. Það var allt étið upp og þar með gat ég ekki stoppað,“ segir Fríða. Í framhaldinu lagði hún bílskúrinn undir antikmarkað sem flæddi svo inn um allt hús.

Vörurnar á markaðnum finnur Fríða á alls konar leynimörkuðum í litlum þorpum í Belgíu og Frakklandi. Hún er nösk á skemmtilega hluti og fær þar að auki aðstoð eiginmannsins.

„Ég dreg karlinn með. Hann var nú ekkert hrifinn fyrst en núna finnst honum þetta skemmtilegt og sér um herra-deildina. Við tinum til allt mögulegt, vínplötur, leikhússjónauka, föt og postulín,“ segir Fríða. Markaðinn kallar hún Hús fiðrildanna og hefur opið miðvikudaga, fimmtudaga og laugardaga milli klukkan 14 og 18. „Í vetur bætum við föstudögum við líka.“

Þó að Fríða hafi sérstaklega gaman af gömlum munum gerir hún þó fleira en þvælast milli markaða. Þegar blaðamaður hitti á hana var hún á leið austur undir Eyjafjöll að taka síðustu myndirnar í ljósmyndabók.

„Ég hef verið að vinna að



Fríða Jónsdóttir rekur antikmarkaðinn Hús fiðrildanna heima hjá sér í Skerjafirði.



Fríða er nösk á skemmtilega hluti og þræðir litla leynimarkaði í þorpum í kringum heimili sitt í Belgíu.



Í Húsi fiðrildanna kennir ýmissa grasa; postulínsstell, föt og gamlar vínplötur eru aðeins brot af því sem fyrir augu ber.

þessari bók síðustu tuttugu ár, um dásamlegu Eyfellingana mína. Nú sér fyrir endann á verkinu og bókin kemur út með

vorinu. Þetta tekur allt sinn tíma.“

Hægt er að fylgjast með Húsi fiðrildanna á Facebook.

**www.elin.is**  
Námskeið í TRX og Rope Yoga hefst 29. og 30. ágúst.

Umhverfið er hlýlegt og róandi. Einnig eru hitaklefar og búningsherbergi með sturtu.

Bæjarhraun 2, Hafnarfirði  
Sími: 696 4419  
[elin@elin.is](mailto:elin@elin.is)

**TRX**  
Suspension training

Námskeið í Rope Yoga hefst 29. og 30. ágúst.



Fríða plataði eiginmanninn með sér á markaðsröltið og nú finnur hann til muni í herradeild Húss fiðrildanna.



FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

# FJARNÁM

Skráning á haustönn fer fram 30. ágúst til 6. september á slóðinni [www.fa.is/fjarnam](http://www.fa.is/fjarnam)

Lækkað verð







## Pantaðu frítt söluverðmat án skuldbindinga!

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði

Sími 530 6500

heimili@heimili.is



**heimili**  
FASTEIGNASALA

Bogi Pétursson, lögg. fasteignasali  
Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali  
Andri Sigurðsson, lögg. leigumíðlari  
Tryggvi Kornelíusson, sölufulltrúi

**RE/MAX**  
Senter



Ástþór Reyni Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir  
Sölufulltrúi RE/MAX

## Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína  
þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir  
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

audur@remax.is

# Rólegur útsýnisstaður

Valhöll fasteignasala  
kynnir nýlegt, vandað og  
vel skipulagt 238 fermetra  
einbýlishús í Fannafold.

Húsið er með innbyggðum bílskúr og lítilli aukaíbúð á jarðhæð. Um er að ræða rólegan útsýnisstað í lokaðri götu. Þaðan er örstutt í skóla og verslanir í Hverafold. Í kring eru fallegar gönguleiðir eftir góðu göngustíganeti í Grafarvogi. Húsið er timbureininga- hús á steyptri neðri hæð og virðist í toppstandi. Aðalinngangur er austan við húsið og er einstaklega falleg aðkoma og rennur tilbúinn lækur meðfram tröppum.

Nánara skipulag eignar er eftirfarandi: Forstofan er flísa- lögð með beykiskápum, gólfhita og franskrí hurð. Þaðan er gengið inn í sjónvarpshol með parketi og er gert ráð fyrir hringstiga þar milli hæða ef vill. Útengt á hellu- lagða suðvesturverönd og stóra afgirta timbursólpalla með heitum rafmagnspotti og útisturtu. Útsýni



Húsinu fylgir lítill aukaíbúð á jarðhæð.

er yfir borgina og Bláfjöll. Í húsinu er svo rúmgóð stofa og borðstofa með parketi og fallegt eldhús með hvítri beykiinnréttingu. Inn af eldhúsi er þvottaherbergi með hvítlakkaðri innréttingu, dúk á gólfi og bakinnangi. Þaðan er stigi upp á geymslu loft sem er yfir allri svefnálmunni.

Í svefnálmunni eru fjögur svefnherbergi. Korkur er á tveimur og parket á tveimur. Skápar eru

í tveimur herbergjum. Úr hjónaherbergi er útengt á veröndina. Baðherbergi er flísalagt með baðkari, sturtu, innréttingu og tveimur vöskum, handklæðaofni og hita í gólfi. Á neðri hæðinni er innbyggður bílskúr og innangengt úr honum í litla 43 fermetra íbúð. Í henni er stofa, eldhús, bað og svefnkrókur. Parket er á öllu en flísar á baði. Lóðin er fallega ræktuð.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMR/ÆÐAN

## MEIRI FRÓÐLEIKUR

Meiri Vísir.



## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

Hofakur 1, íbúð 103 - 210 Garðabæ



ÓPIÐ HÚS

Mjög falleg 2ja-3ja herbergja, 118,9 m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð ásamt staði í bilageymslu, við Hofakur 1 í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir bílastæði og sérgeymsla í bílakjallara. Glæsileg íbúð með fallegum innréttingu. V. 31,9 m. 10040

Ópið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Fálkahöfði 8, íbúð 303 - 270 Mosfellsbær



ÓPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG

Falleg og björt 104,6 m<sup>2</sup>, 3ja herb. endaiðbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýli með glæsilegu útsýni við Fálkahöfða. Íbúðin skiptist í forstofu, sjónvarpshol, stofu, eldhús með borðkrók, sér þvottahús, hjónaherb., barnaherb. og baðherb. með sturtuklefa og baðkari. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 22,9 m. 4897

Ópið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00

Mariubakki 8 - 109 Reykjavík



Vel skipulögð 3ja herbergja 99,9 m<sup>2</sup> íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Mariubakka í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, stofu, eldhús og þvottahús/geymslu. Svalir í vestur með fallegu útsýni. Eignin er laus til afhendingar strax. Áhvilandi er lán hjá íbúðalánasjóði ca. 12,9 m. V. 16,5 m. 5174



Lækjasmári - 201 Kópavogur

Glæsileg og björt 262,3 fm efri sérhæð með risi ásamt staði í bilageymsluhúsi. Eignin er staðsett innst í lokaðri húsgötu í barnavænu umhverfi. Vestanvert við húsið er útivistar- og íþróttasvæði Breiðabliks í Kópavogsdal. Fallegar innréttingar og gólfefni. Stór og glæsileg eign. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 47,0m. 5190



Stórhöfði 35 - 110 Reykjavík

141,8 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði (miðjubíl) við Stórhöfða 35 í Reykjavík. Bílið er með góðri innkeyrsluhurð, mikil lofthæð og góð lýsing. Húsnæðið er snyrtilegt - lóð er malbikuð. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 15,9 m. 10032



Réttarmói 9 - 861 Hvolsvelli

Glæsilegt 110 m<sup>2</sup> heilsárhús við Réttarmóa í landi Hellishóla í Fjótshlíð, Rangárfingi eystra. Vel skipulagt 4ra herbergja heilsárhús á fallegum stað í landi Hellishóla. Húsið er timburhús, byggt árið 2007. Stór verönd er við húsið og fallegt útsýni. V. 23,9 m. 10007

Súlunes 16 - 210 Garðabær



Glæsilegt 367 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Súlunes 16 í Garðabæ. Húsið er allt hið glæsilegasta. Húsið skiptist í forstofu, innra hol, eldhús, borðstofu, stórar stofur með arni, 4 svefnherbergi, fatarherbergi, 2 baðherbergi, snyrtingu, þvottahús o.fl. Eignin er laus til afhendingar. V. 79,5 m. 5244

Kristnibraut 1 - 113 Reykjavík



Mjög falleg 188,6 m<sup>2</sup> efri sérhæð með bílskúr við Kristnibraut 1 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, borðstofu/stofu, stofu, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Bílskúrin er 26,0 m<sup>2</sup>. Mjög fallegt útsýni er frá húsinu. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 39,5 m.

Lindarbrekka - Kjós



212,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað á 11.840 m<sup>2</sup> leigulóð í Kjósinni. Um er að ræða óklárað timburhús í byggingu á sérstökum stað með miklu útsýni í 30 mínútna aksturjarlægð frá Reykjavík. Eignin skiptist í forstofuhol, þrjú svefnherbergi, stofu, borðstofu, sjónvarpstofu, hol, eldhús, baðherbergi, gestasalerni, geymslu og þvottahús. Eignin er laus til afhendingar strax. Óskað er eftir kauptilboði í eignina. 10043

# VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477  
Opíð virka daga frá kl. 9-17



Ingólfur Gissurarson  
s: 896-5222  
Lögg.fast.Sali.



Bárður Tryggvason  
s: 896-5221  
sölustjóri



Heiðar Friðjónsson  
s: 693-3356  
Lögg.fast.Sali.



Ellert Róbertsson  
s: 893-4477  
söluáður



Erlendur Davíðsson  
Löggiltur  
fasteignasali.



Sigþór Bragason  
s: 899-9787  
Lögg.fast.Sali.



Jón Rafn Valdimarsson  
s: 695-5520  
Lögg.fast.Sali.



Margrét Sigurgeirsdóttir  
s: 866-1515  
skrifstofustjóri.



Þórarinn Friðriksson  
Söluum.  
Sími:844-6353

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

www.Valholl.is

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

Mikil sala - Vantar allar tegundir eigna í sölu. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.

## Reykjafold 3 - Opíð hús á morgun þriðjud. kl. 17-18



OPÍÐ HÚS

200 fm vel skipulagt einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Fjögur svefnherbergi og möguleiki á að bæta við fimmta svefnherberginu gerist þess þörf. Frá stofu er útgengt á sólpall. Einnig er sjónvarpsherbergi. Stórt eldhús með góðum skáplássí. Bílskúrin er 62 fm að stærð. V. 45,5 m. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

## Birkihlíð - vandað sérbýli




Falleg 156 fm sérbýli á 2 hæðum ásamt 28 fm bílskúr á fallegum útsýnisstað. 4-5 svefnherbergi. Vandaðar innréttingar. Nýlegt parket. Stórar flisalagðar suðursvalir með glæsilegu útsýni. Vönduð eign á flottum stað. Stutt í bæinn og alla þjónustu. Uppl. veitir Bárður í 896-5221, skoðið myndir á fasteignir.is

Það er orðið algengt að fjölmiðlar geri stöðumælasektir að sérstöku umfjöllunarefni að loknum íþróttakappleikjum, útitónleikum og öðrum uppákomum hér á landi. Útvarpsfréttatíminn að kvöldi 6. ágúst, dagsins sem Gleðigangan hlykkjaðist um miðbæ höfuðborgarinnar, var þar engin undantekning en þá var borgarbúi nokkur tekinn í viðtal. Hann hafði ekið á bílnum sínum niður í miðbæ, lagt ólöglega og verið sektaður. Hann var síður en svo sáttur og fannst að lögregla og stöðumælaverðir hefðu átt að „líta til hliðar“.



**SVO** virðist sem hluti borgarbúa vilji fá að leggja ólöglega eftir hentugleika. Enn hefur þessi hópur samt ekki stofnað formlegan þrýstihóp sem nýtir tímann á milli hátíða til að sýna fram á að það sé allt í lagi að leggja á grasbölum borgarinnar og það sé í raun óþarfi að íbúar miðbæjarins og gestir hans komist leiðar sinnar, hvað þá að slökkviliðs- og sjúkrabílar geti ekið þar greiðlega um. Þarna býr jú reiðinnar býsn af fólki sem getur farið í hjartastopp, komist í barnsnaud og gleymt pottum á hellum hvenær sem er.

**SVO** þurfa krakkar, fólk í hjólastólum sem og fólk með barnavagna líka að komast um án þess að vera í stórhættu. Myndi manni sem nýlega hefði verið staðinn að búðarhnupli annars verið gefið orðið í kvöldfréttatímanum til að skýra mál sitt? Hann myndi þá ef til vill segja að hann hefði sko alls ekki verið sá eini sem hefði verið að stela þennan dag, auk þess sem hann hafi verið svo glaður í hjarta sínu að honum hafi fundist hann eiga þýfið skilið. Líklega er það að leggja bílnum sínum ólöglega orðið að táknmynd hinnar íslensku gleði, svona eins og að kaupa flugelda eða gæða sér á góðri máltíð.

**Í LJÓÐINU** Brotnar borgir í ljóðabókinni Hugastir kallar Steinunn Sigurðardóttir Reykjavík „Borg fyrirferðar: / fjallajappa, árekstra, loftpressuborg“. Jú, fjallajapparnir hafa löngum þótt tilvalin farartæki hér í borg, meira að segja í þröngum götum Þingholtsins. Fjölskyldubíllinn nýtur taumlausrar virðingar og væntumþykju og enginn vill að hann þurfi að búa við neinar hömlur. Á hátíðisdögum sprettum við því af honum á grasbala (kannski einum þeirra sem við býsnuðumst yfir fyrr í sumar að borgin léti ekki slá) og leyfum honum að bíta á meðan við skemmtum okkur. Vei, þeim sem sigar hundinum á gripinn.

## myndasögur

**■ Pondus**

Eftir Frode Overli



**■ Gelgjan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**■ Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes



**■ Barnalán**

Eftir Kirkman/Scott



**SPORT**  
besta sætið



# MEISTARADEILDIN HEFST 13. SEPTEMBER



ÞAD ER  
**ÓDÝRARA**  
AD SKEMMTA SÉR HEIMA



# SÖNGSKÓLI

Mariu Bjarkar

## Skráning í fullum gangi fyrir haustönn

Sími: 588 1111 • [www.songskolimariu.is](http://www.songskolimariu.is)



### Friðrik Dór kemur sem gestakennari í vetur

- Námskeið fyrir alla aldurshópa börn-unglingar-fullorðnir.
- Myndir og myndbönd af kennurum syngja.
- Allar nánari upplýsingar á [www.songskolimariu.is](http://www.songskolimariu.is)

Ágústa



Emilía



Sessý



Guðbjörg



Sara



Ína



Guðrún Árný









## ÁSKORUNIN HELDUR ÁFRAM!

**Bjóðum ótakmarkaðan aðgang í yfir 20 Hot Yoga tíma í viku  
Frjáls mæting í 6 vikur frá 5. september  
Verð Kr. 19.900,-**

**Skráning og nánari upplýsingar í s: 564-4050 eða [gunnhildur@sporthusid.is](mailto:gunnhildur@sporthusid.is)  
[www.sporthusid.is](http://www.sporthusid.is) / [www.hotyoga.is](http://www.hotyoga.is)**

Tími	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.
6:15	60 mín		60 mín		60 mín
9:00	60 mín		60 mín		90 mín
12:00		60 mín		60 mín	
17:00		75 mín		75 mín	
17:30	75 mín		75 mín		75 mín
18:30		90 mín		90 mín	
19:00	90 mín		90 mín		
20:30		60 mín		60 mín	
21:00	60 mín		60 mín		



Þórunn Unnarsdóttir  
með 2 ára reynslu sem  
Hot Yoga kennari



Gyða Pétursdóttir  
með alþjóðleg kennararéttindi  
í Hot Yoga




Aðalumsjón hefur Jóhanna Karlsdóttir - alþjóðleg kennararéttindi í Hot Yoga og með 500 tíma advanced yoga menntun

# SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050



## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-12 (3-6)
Varin skot	Rajkovic 6 - Óskar 3
Horn	3-2
Aukaspjrnur fengnar	10-12
Rangstöður	1-1

PÓR 4-3-3	GRINDAV. 4-4-2
Srdjan Rajkovic 7	Óskar Pétursson 6
Gisli Páll Helgason 6	Alexander Magn. 6
Porsteinn Ingason 6	*Ólafur Ö. Bjarnas. 7
Janez Vrenko 5	Jamie McCunnie 7
Aleksandar Linta 4	Jósef Kr. Jósefsson 6
Atli Sigurjónsson 6	(68. Matthías Friðr. 5)
Clark Keltie 4	Bogi Rafn Einarsson 4
Árman P. Ávarsson 5	Óli Baldur Bjarnason 6
(68. David Disztl 5)	(63. Scott Ramsay 6)
Jóhann Helgi H. 6	Jóhann Helgason 5
Sigurður M. Kristj. 4	Derek Young 4
(89. Ragnar Hauks. -)	Magnús Björgvinss. 6
Gunnar M. Guðm. 6	(75. Haukur Ingi G. -)
	Orri Freyr Hjaltalín 6

\*Maður leiksins



1-0 Andri Rafn Yeoman (37.)  
1-1 Guðjón Pétur Lýðsson (90.)

## TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6-11 (3-5)
Varin skot	Sigmar Ingi 3 - Haraldur 2
Horn	1-2
Aukaspjrnur fengnar	8-13
Rangstöður	0-1

BREIÐAB. 4-3-3	VALUR 4-3-3
Sigmar I. Sigurðarson 5	Haraldur Björnsson 5
Tómas Óli Garðarss. 6	Sigurbjörn Örn Hr. 5
Kári Ársællsson 5	Halldór Kr. Halld. 4
Þórður Steinar Hr. 4	Pól J. Justinussen 4
Kristinn Jónsson 6	Brynjar Kristmundss. 6
Jökull Elísabetarson 5	Haukur P. Sigurðss. 5
*Andri R. Yeoman 7	Andri F. Stefánsson 6
Amar Már Björgv. 6	(82. C. Mouritsen -)
(44. Olgeir Sigurg. 5)	Guðjón P. Lýðsson 7
Rafn Andri Haraldss. 4	Hörður Sveinsson 3
Árni Vilhjálmsson 5	(75. Ingólfur Sig. -)
Kristinn Steindórss. 6	Matthías Guðm. 6
	Kolbeinn Káráson 6
	(67. Jón V. Ákason 6)

\*Maður leiksins

## LEIKIR KVÖLDSINS

18.00: Keflavík - Fylkir	Nettóvöllurinn
18.00: KR - Fram	KR-völlur
18.00: Víkingur - ÍBV	Víkinguvöllur
19.15: Stjarnan - FH	Stjörnuvöllur

Pór og Grindavík gerðu steindautt markalaust jafntefli í leiðinlegum leik á Akureyri:

# Vorkenni þeim sem mættu á völlinn

**FÓTBOLTI** „Þetta var ógeðslega lélegt, ég vorkenni þeim sem mættu á völlinn,“ sagði hreinskilinn Atli Sigurjónsson eftir hundleiðinlegt markalaust jafntefli Þórs og Grindavíkur í gær.

„Ég hef enga skýringu á þessum leiðindum, það vantaði alla baráttu og andleysið var algjört. Ég vil samt ekki meina að við séum á mikilli niðurleið, við höfum tapað undanfarið fyrir KR og FH, en þessi leikur var reyndar ömurlegur. Þetta var skítlélegt. Við rifum okkur samt upp,“ lofaði Atli.

Hvorugt liðið spilaði vel. Grindavíkingar fengu þó tvö góð færi, sérstaklega Óli Baldur sem var

aleinn gegn Srđjan í markinu en skot hans fór framhjá. Orri Freyr vildi víti en náði svo skoti úr finu færi sem fór framhjá. Hvorugt liðið virtist þora að sækja til sigurs en mikið var í húfi hjá þessum botnbaráttuliðum.

Leikurinn var hægur og mikið var um lélegar sendingar og léleg skot. Fáar fyrirgjafir hittu á manninn sem ætlast var til að færu á og þau skot sem rötuðu á mörkin voru laus og beint á markmennina.

Nokkur hiti færðist í leikinn undir lokin, Derek Young og Scott Ramsay hefðu getað fengið rauð spjöld en fengu aðeins gul, Derek

fyrir að sparka í Vrenko sem sat á völlum og Ramsay fyrir slæma tveggja fóta tæklingu.

„Ég verð að biðjast afsökunar, þetta er ástæðan fyrir því að ég tækla ekki, ég kann það ekkert,“ sagði Ramsay sem ítrekaði afsökunarbeiðni sína tvisvar. „Annars er lítið að segja um leikinn. Þetta var leiðinlegur leikur og steindautt jafntefli. Við fengum eitt stig, ekkert annað er hægt að taka héðan.“

- hph

**LÉLEGT** Atli Sigurjónsson, leikmaður Þórs, vorkennði þeim áhorfendum sem lögðu leið sína á Þórsvöllum í gær.

FRÉTTALBADIÐ/PJETUR



# Eigum betra skilið en kampavínsklapp

Íslandsmeistarar Breiðabliks máttu sætta sig við 1-1 jafntefli gegn Val eftir að hafa fengið á sig mark á lokamínútum leiksins. Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, er ósáttur við stuðninginn sem liðið fær úr stúkunn.

**FÓTBOLTI** Blikar og Valsmenn gerðu 1-1 jafntefli á rennandi blautum Kópavogsvelli í gær, en Valsmenn jöfnuðu metin í blálokin þegar Guðjón Pétur Lýðsson skoraði beint úr aukaspjrnunni. Andri Rafn Yeoman skoraði mark Breiðabliks rétt fyrir lok fyrri hálfleiks og það stefndi allt í heimasigur. Valsmenn gefast aftur á móti aldrei upp og náðu að knýja fram jafntefli.

„Þetta var vel tekin aukaspjrnur og Guðjón setti boltann óverjandi í netið,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leikinn.

„Valsmenn fengu aftur á móti heldur léttvægilega aukaspjrnur sem að mínu mati átti aldrei að standa, upp úr henni kom markið sem kostaði okkur sigurinn. Ég var mjög sáttur það hvernig menn lögðu sig fram í kvöld. Ég er aftur á móti ósáttur við þann stuðning sem liðið er að fá. Maður upplifir sig nánast eins og við séum að spila á útivelli. Það eina sem heyrir úr stúkunn er eins konar kampavínsklapp og ég hef fullt leyfi til að vera ósáttur við það. Strákarnir eiga miklu meira skilið.“

„Ég er eiginlega bara ánægður með allt nema niðurstöðuna í



**JAFNTEFLI Í KÓPAVOGINUM** Blikinn Rafn Andri Haraldsson skallar boltann í leiknum í gær en Guðjón Pétur Lýðsson fylgist með.

FRÉTTALBADIÐ/VILHELM

leiknum,“ sagði Guðjón Pétur Lýðsson, markaskorari Vals, eftir

leikinn. „Ég held að þeir hafi átt eitt skot á marki á meðan við

Það eina sem heyrir úr stúkunn er eins konar kampavínsklapp og ég hef fullt leyfi til að vera ósáttur við það. Strákarnir eiga miklu meira skilið.

ÓLAFUR KRISTJÁNSSON  
ÞJÁLFAREI BREIÐABLIKS

lágum í sókn, í raun ótrúlegt að við skyldum ekki ná að vinna þennan leik. Það vantaði ekki mikið upp á hjá okkur í kvöld, kannski smá greddu á lokapriðjungnum á völlum. Ég hefði til að mynda átt að skora fyrr í leiknum. Við fengum alveg nóg af færum til að klára dæmið, en þetta var ekki alveg okkar dagur og því tókum við stigið.“

Kópavogsvöllur var rennandi blautur í gær og leikurinn bar þess merkis á köflum, en liðin léku oft á tíðum fína knattspjrnur.

„Mér fannst þetta eiginlega besti völlum sem ég hef spilað á í sumar. Hann var sléttur og góður, örllítið rakur og frábært að spila á honum,“ sagði Guðjón Pétur Lýðsson eftir leikinn.

- sáþ

## Golfsettið ferðast frítt!

Icelandair Golfers er klúbbur sem auðveldar þér að spila gólf út um allan heim.

+ Skráðu þig í  
Icelandair Golfers á  
[www.icelandairgolfers.is](http://www.icelandairgolfers.is)

Þú nýtur þessara hlunninda:

- Þú greiðir ekkert gjald fyrir golfsettið þegar þú ferðast með Icelandair.
- Þú færð ýmis tilboð á gólfvöllum hér heima og erlendis og hjá samstarfsaðilum Icelandair Golfers.

Innifalið í 5.900 kr. árgjaldi er m.a.:

- 2.500 Vildarpunktur
- 2.000 kr. gjafabréf í Saga Shop
- 100 æfingaboltar í Básum
- Merkiþjald á gólfpokann

FÉLAGAR MED PREMIUM ICELANDAIR AMERICAN EXPRESS® FRÁ KREDITKORTI GREIDA EKKERT ÁRGJALD Í ICELANDAIR GOLFERS

Skemmtilegri  
í 25 ár

# Lattu okkur skemmta þér í 56 tuma á dag!

25 ára afmælisveisla Stöðvar 2 heldur áfram í allan vetur með glæsilegri dagskrá þar sem allir finna eitthvað skemmtilegt við sitt hæfi: Metnaðarfullt innlent efni, vinsælustu erlendu þættina og vandað talsett barnaefni auk meira en 200 úrvalsmynda á Stöð 2 Bíó í hverjum mánuði. Og í september byrjar fjöldi nýrra þátta; ekki síst Spaugstofan og X-Factor með Simon Cowell o.fl. o.fl.

\*Jafnmeðala á Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra sölurhring

YSJANSH

## Þú færð meira

Já þú færð svo sannarlega meira fyrir peningana með áskrift að Stöð 2 því Stöð 2 Extra, Stöð 2 Bíó og plúsrásirnar fylgja frítt með - svo nú getur þú valið úr um 56 klukkustundum\* af frábæru sjónvarpsefni á hverjum einasta sólarhring! Og Vildartilboð til áskrifenda geta sparað meira en greitt er í áskrift.



ÞAD ER  
**ÖDYRARA**  
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

## Boðgreiðslutilboð VISA

- Ef þú gerist áskrifandi og greiðir með VISA kreditkorti færðu allt að 30% afslátt.
  - 10% aukaafsláttur í þrjá mánuði.
  - 12 vinsælustu fjölvarpsstöðvarnar fylgja frítt með fyrsta mánuðinn.
- Gildir til 3. október.

## > Jason Biggs

„Það kom stelpa upp að mér á bar og sagðist vilja vera eplabakan mín. Ég hefði átt að segja eitthvað svalt á móti en ég varð algjörlega orðlaus.“

**Jason Biggs leikur í rómantísku gamanmyndinni *Wedding Daze*, sem segir frá ungum manni í ástarsorg sem ákveður að biðja næstu stúlku sem hann sér. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 16.15.**



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR TEKUR TIL

# Lengi lifir í gömlum græjum

Allsherjar tiltekt leiðir oft á tíðum ýmislegt í ljós. Um daginn ákvað ég að taka til hendinni, opna skápa og skúffur sem höfðu legið læst og óareitt í ótilgreindan tíma, og rakst þar á kassa. Upp úr honum stigu gamlir og góðir vinir. Homer og Burns – David og Gareth – Tubbs og Edward – Andy og Maggie. Ég dustaði rykið af diskunum, stakk DVD-snúrunni í vegginn eftir langt sambandsleysi og setti batterí í fjarstýringuna. Þau höfðu einhvern tímann komið að góðum notum þegar sjónvarpsfjarstýringin og eldhúsklukkan létu undan. Diskarnir höfðu mest megnis sloppið við rispur og ótrúlegt en satt, voru allir á sínum stað í hulstrunum. Ég er ekki ein af þeim sem hafa sankað að



sér DVD-myndum yfir ævina. Einstaka sjónvarpsþættir, jafnvel heilu seríurnar, hafa þó ratað ofan í körfuna hjá mér eða undir jólatréð. En eins og áður sagði hafa diskarnir vikið fyrir litlu flakk-arataeki og Internetinu undanfarnir ár. Því hefur nú verið gerð varanleg breyting á.

Eftir opnun kassans tók við maraþon, eins og í gamla daga. Ég hlustaði meira að segja á umsagnir leikstjóra og leikara undir þáttunum; möguleiki sem þótti ein merkasta nýjungin sem stafrænu DVD-diskarnir höfðu í för með sér. Skoppa og Skrífla fengu að safna ryki í þó nokkuð marga daga eftir að kassinn var opnaður. Sem er að sjálfsgöðu gleðiefni út af fyrir sig.

Spurning um að grafa upp vídjótækid við tækifæri. Og kaupa fleiri batterí.

## RÚV

- 16.05 Landinn (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Húrra fyrir Kela (39:52)
- 17.43 Mærin Mæja (29:52)
- 17.51 Artúr (10:20)
- 18.20 Táknafréttir
- 18.30 Konur í eldlinunni (2:4) (UN Women - Women on the Frontline)
- 18.52 Leggðu systur þínum lið (2:4)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Undur sólkerfisins – Reiða í óreiðunni (2:5) (Wonders of the Solar System) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Hér er nýjustu kvikmyndatækni beitt til þess að sýna stórfengleg náttúruundur í geimnum.
- 21.10 Leitandinn (39:44) (Legend of the Seeker) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er fjallað um Íslandsmótíð í fótbolta karla.
- 23.15 Liðsaukinn (15:32) (Rejseholdet) Dönsk spennuþáttaröð um sérsveit. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.15 Kastljós (e)
- 00.45 Fréttir (e)
- 00.55 Dagskrárlök

## BÍÓ

- 06.30 Grand Canyon
- 08.40 As Good as It Gets
- 10.55 Wedding Daze
- 12.30 Happily N'Ever After
- 14.00 As Good as It Gets
- 16.15 Wedding Daze
- 18.00 Happily N'Ever After
- 20.00 Grand Canyon
- 22.10 Shooting Dogs
- 00.00 Bourne Identity
- 02.00 Her Best Move
- 04.00 Shooting dogs
- 06.00 Eagle Eye

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (20:175)
- 10.20 Smallville (15:22)
- 11.05 Mercy (1:22)
- 11.50 Wipeout USA
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (8:39)
- 13.45 American Idol (9:39)
- 15.10 ET Weekend
- 15.55 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (22:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Two and a Half Men (14:24)
- 19.40 Modern Family (21:24)
- 20.05 Extreme Makeover: Home Edition (24:25) Fimmta þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjálasmíðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni. Það er ótrúlegt að sjá breytingarnar enda er nýja húsnæðið hannað sérstaklega fyrir fjölskylduna sem þar mun búa.
- 20.50 Love Bites (3:8)
- 21.35 Big Love (2:9)
- 22.35 Weeds (8:13)
- 23.05 It's Always Sunny In Philadelphia (6:13)
- 23.25 Two and a Half Men (2:16)
- 23.50 How I Met Your Mother (22:24)
- 00.15 Bones (21:23)
- 01.00 Come Fly With Me (2:6)
- 01.30 Entourage (8:12)
- 01.55 Human Target (11:12)
- 02.40 Joy Ride 2: Dead Ahead
- 04.10 Prête-moi ta main
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT besta sætið

- 17.05 F1: Við endamarkið
- 17.35 EAS þreknotaröðin
- 18.05 Spænsku mörkin
- 19.00 Pepsi deildin 2011 Bein útsending frá leik Stjörnunnar og FH í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
- 21.15 Pepsi mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Um-sjónarmaður er Hörður Magnússon.
- 22.30 Barcelona - Villarreal
- 00.15 Pepsi deildin 2011 Útsending frá leik í Stjörnunnar og FH Pepsi deild karla í knattspyrnu.
- 02.05 Pepsi mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Um-sjónarmaður er Hörður Magnússon.

## SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Man. Utd. - Arsenal
- 14.45 Swansea - Sunderland Útsending frá leik Wigan Athletic og Queens Park Rangers í ensku úrvalsdeildinni.
- 16.35 Sunnudagsmessan Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð.
- 17.50 Ensku mörkin - Úrvalsdeildin Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 18.45 PL Classic Matches: Tottenham Hotspur - Portsmouth
- 19.15 Aston Villa - Wolves Útsending frá leik Aston Villa og Wolverhampton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Ensku mörkin - Úrvalsdeildin
- 22.00 Ensku mörkin - neðri deildir Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
- 22.30 Liverpool - Bolton

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 17.25 Rachael Ray
- 18.10 Top Chef (14:15) (e)
- 19.00 Psych (5:16) (e)
- 19.45 Will & Grace (3:24)
- 20.10 One Tree Hill (18:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Vínahópurinn kemur saman á spítalanum til að biða eftir því að erfingi Haley kemur í heiminn. Á meðan þau biða rífa þau upp ógleymanleg augnablik úr fortíðinni.
- 20.55 Parenthood (2:22) Bráðskemmtileg þáttaröð sem er í senn myndin, hjartnæm og dramatísk. Adam býður Söru lærlingsstöðu hjá T&S Footwear á meðan Kristina hjálpar Suze að sætta sig við orðinn hlut.
- 21.40 CSI: New York (11:22)
- 22.30 The Good Wife (21:23) (e) Endursýningar frá byrjun á fyrstu þáttaröðinni um góðu eiginkonuna Aliciu. Alicia fæst við erfitt skilnaðarmál og það kemur í ljós hvort hún eða Cary fái stöðuna sem þau hafa keppt um hjá fyrirtækinu.
- 23.15 Dexter (9:12) (e)
- 00.05 Law & Order: Criminal Intent (14:16) (e) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um störf rannsóknarlögreglu og saksóknara í New York.
- 00.55 Will & Grace (3:24) (e)
- 01.15 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 07.00 The Barclays (4:4)
- 11.10 Golfing World
- 12.00 Golfing World
- 12.50 The Barclays (4:4)
- 17.00 US Open 2009 - Official Film
- 18.00 Golfing World
- 18.50 The Barclays (4:4)
- 22.00 Golfing World
- 22.50 Champions Tour - Highlights (16:25)
- 23.45 ESPN America

## EXTRA

- 19.30 The Doctors (5:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
- 20.15 Ally McBeal (20:22)
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.45 The Whole Truth (10:13) Nýtt og spennandi lögræðidrama. Kathryn Peale er metnaðarfullur saksóknari í New York. Jimmy Brogan er vinur hennar frá því þau voru við nám saman í Yale-háskólanum og er virtur verjandi í borginni. Bæði eru þau mikið keppnisfólk og ákóf í að sinna vinnu sinni vel og berjast fyrir skjólstæðinga sína. Í hverjum þætti kynnumst við báðum hliðum á málunum sem eykur spennu áhorfandans um sekt eða sakleysi fram á síðustu mínútu.
- 22.30 Lie to Me (22:22)
- 23.15 Game of Thrones (2:10) Magnað-ir þættir sem gerast á miðöldum í ævintýraheimi sem kallast Sjö konungsríki Westeros og segir frá blóðugri valdabaráttu.
- 00.10 Ally McBeal (20:22)
- 00.50 The Doctors (5:175)
- 01.30 Sjáðu
- 01.55 Fréttir Stöðvar 2
- 02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV
- N4**
- 18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
- 18.30 2 gestir Fjölbreyttur þáttur þar sem gestastjórnandi fær til sín góðan gest.
- INN**
- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
- 20.30 Golf fyrir alla Góð ráð hjá Brynjari og Óla Má
- 21.00 Frumkvöðlar Elínóra Inga og frumkvöðlar Íslands
- 21.30 Eldhús meistarana Sjávarbars-jarlinn grillar og grillar.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.
- OMEGA**
- Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

- |                  |                     |               |                      |                 |                         |                       |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið    | FM 99,4 Útvarp Saga     | FM 102,9 Lindin       |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 91,9 Kaninn      | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.


Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar



## Graníthellur fallelgrí, endingarbetri og ódýrari

Granít hellur hafa fallelgrí áferð og mun lengri endingartíma en venjulegar hellur. Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

Granít hellur eru betri og mun ódýrari en þig grunar!



CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.



**STEYPUSTÖÐIN**  
Sterkari lausnir

# 4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

Hringhellu 2  
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8  
800 Selfoss

Malarhöfða 10  
110 Reykjavík

sími 4 400 400  
www.steypustodin.is

**Í KVÖLD**

**STÖÐ 2 KL. 20.50**

**Love Bites**

Fjórið heldur áfram í þessum rómantísku gamanþáttum í kvöld. Annie fer á blint stefnumót en það tekur óvænta stefnu og Judd fer með vini sínum í parti og þeir komast að óvæntu leyndarmáli gestgjafans.



**RÁS 1** FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin 06.40 Veðurfregni 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Hringisól 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjórnunar 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Hver myrta Móló? 15.25 Fólk og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Eyðibýlið 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Í lok dags 18.50 Veðurfregni 18.55 Dánarfregni 19.00 Inn og út um gluggann 20.00 Leynifélagið 20.30 Lennon í nýja heiminum 21.10 Úr kvæðum fyrri alda 21.30 Kvöldsgagan: Ofvitinn 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Gimni, grúsk og glórir 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1

**BBC** entertainment

11.10 Monarch of the Glen 12.00 Keeping Up Appearances 12.30 Skavlan 13.25 Skavlan 14.15 Deal or No Deal 14.50 Deal or No Deal 15.25 Deal or No Deal 16.00 Keeping Up Appearances 16.30 Allo, Allo! 17.00 Allo, Allo! 17.25 Dalziel and Pascoe 18.15 Dalziel and Pascoe 19.10 Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 QI 21.15 Little Britain 21.45 My Family 22.20 Skavlan 23.10 Skavlan 00.05 QI 00.35 Little Britain 01.05 My Family 01.35 Dalziel and Pascoe 02.30 Dalziel and Pascoe 03.20 Skavlan

**DR 1**

10.10 21. Söndag 10.50 Dage i haven 11.15 Ved, du hvem du er? 12.05 Måltider 12.15 Merlin 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Kommissær Wycliffe 14.00 Thomas og hans venner 14.15 Carsten og Gittes Venneville 14.30 Willas vilde dyr 15.00 Livet i Fagervik 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Vores Liv 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Aftenshowet 18.00 Jamies australske kokkeskole 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 En sag for Frost 21.35 OBS 21.40 Vore Venners Liv

**NK1**

10.00 Friidrett 13.00 Nyheter 13.10 Dallas 14.00 Nyheter 14.10 Ekstremfiske 15.00 Nyheter 15.10 Rock til fjells 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Færkveid 16.40 Distriktssnyheter 17.45 Puls 18.15 VM friidrett 18.55 Distriktssnyheter 19.30 Valg 2011 20.00 Millionær i forkledning 20.50 Muntré glimt frá Smil til the skjulte kamera 21.00 Kveldsnytt 21.15 Boardwalk Empire 22.05 20 sporsmál 22.30 Klippen 23.25 Sport Jukeboks 01.00 Country jukeboks u/chat 04.30 Morgennytt

**svt1**

08.00 Gomorron Sverige 09.00 Sverige! 09.30 Friidrott 13.15 Landet runt 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 STCC 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Lejonet Christian - känd från Internet 17.00 Kulturmyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Maestro 19.00 Friidrott 20.00 Flytta hemifrån 20.30 Lärare på bortaplan 21.00 Damages 21.45 Exile 23.15 Rapport 23.20 Engelska Antikrundan 00.20 Sverige! 00.50 Friidrott 04.00 Rapport 04.05 Regionala nyheter

**ÉG FÉLL ALVEG FYRIR HONUM!**

„Hann er traustur og ábyrgur, hann ratar út um allt land, hann skutlast með mér í ræktina og bíður alltaf eftir mér þegar ég er búin. Svo eyðir þessi elska nánast engu og er svo fallegur og góður. Hann er minn!“



**Kia cee'd**

Eyðir aðeins 4,4 lítrum í blönduðum akstri.

Verð frá 2.890.000 kr.

Til afgreiðslu strax!



**7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.**



Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

**NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR**

Skoðuðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísir, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.



Frá Reykjavík

Til

Brottför 01.09.11

Til Baka  08.09.11

Leita





„Ég hef skemmt mér í sumar yfir sjónvarpsþáttaröðum eins og *The Borgias* og *Game of Thrones*. Upphaldssjónvarpsþættir mínir í gegnum tíðina eru *Twin Peaks*, *The Mighty Boosh* og gömlu svarthvítu *Twilight Zone* þættirnir.“

Anna Margrét Björnsson, kynningarfulltrúi Hörpunnar.

# Bjóða fram sverð sín og skildi

„Ef kallið kemur þá erum við tilbúnir,“ segir Hafsteinn Pétursson, jarl og forsvarsmaður skylmingafélagsins Rimmugýgjar í Hafnarfirði.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er tökulið þáttanna *Game of Thrones* væntanlegt hingað til lands seinna á þessu ári en það hyggst dvelja hér í tvær vikur. Þættirnir hafa slegið í gegn í Bandaríkjunum, verið hlaðnir lofi og það er engu til sparað að gera þá sem glæsilegasta úr garði. Þannig munu tökurland á annarri þáttaröðinni fara fram í þremur löndum samtímis: Norður-Írlandi, Króatíu og Íslandi en slíkt er víst eindæmi í sjónvarpsframleiðslu.

Sé tekið mið af bókunum sem þættirnir byggja á má telja líklegt að tökurnar hér á landi verði mannaflsrekar. Sérstaklega

þyrfti að manna hlutverk villimanna sem búa handan við svokallaðan ísvegg. Hafsteinn segir þá vera kjörna í hlutverkið. „Ef þá vantar vígfima menn með sverð þá erum við til,“ segir Hafsteinn sem horfði á fyrsta þáttinn á sunnudaginn var. Og leist bara vel á.

Rimmugýgur æfir tvisvar í viku í bílakjallara undir verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði en skylmingafélagið var áður með aðstöðu í íþróttahúsi Lækjarskóla. „En við misstum það til lúðrasveitarinnar. Það hefði líka verið of lítið fyrir okkur í dag,“ en fimmtíu manns eru að staðaldri á æfingum Rimmugýgjar. -fgg



Á EKKI VON Á GÓÐU Kit Harington, ein af stjörnum *Game of Thrones*, á ekki von á góðu ef hann lendir í klónum á jarlinum Hafsteini Péturssyni og félögum hans í Rimmugýgi.



HEILLUÐ AF LEIKHÚSINU Grettir Valsson og Helena Hjörvar eru skólasystkini í Vesturbæjarskóla og hrepptu hlutverk í uppfærslu Borgarleikhússins á Galdrakarlinum í Oz. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vilja bjóða öllum bekknum á sýningu

„Ég var alveg viss um að ég kæmist ekki að vegna þess að það voru bara svo margir hæfileikarikir krakkar að sækja um að fá hlutverk,“ segir Grettir Valsson, nú ára. Helena Hjörvar, átta ára, kinkar kolli og bætir við „Ég líka, pabbi var líka alltaf að segja við mig að ég ætti að búa mig undir að fá ekki hlutverk.“

Helena og Grettir eru hluti af 36 krakka hópi sem leikur í uppsetningu Borgarleikhússins á Galdrakarlinum í Oz. Það styttest í frumsýningu, sem er 17. september, og mikill hamagangur í leikhúsinu. Leikarahópurinn er stór og flestir að stíga sín fyrstu skref á sviðinu. Eins og Helena, sem viðurkennir að hún sé komin með fiðrildi í magann en hún söng lag úr *Dýrunum* í Hálsaskógi í prufunum. „Ég er þínu stressuð fyrir frumsýninguna en hlakka líka til.“

Grettir er öllu vanari á leiksviðinu en Galdrakarlinn í Oz er hans þriðja leikrit í atvinnuleikhúsi. „Ég lék í *Oliver Twist* og *Allir synir mínir*. Ég hlakka bara til að frumsýna leikritið og veit að það verður frábært.“

Helena og Grettir eru skólasystkini í Vesturbæjarskóla og njóta þeirra forréttinda að fá að fara fyrir úr skólanum á hverjum degi til að ná æfingum, sem eru milli 13-16 og stundum lengur. Bekkjarsystkinum þeirra finnst mjög merkilegt að þau séu að leika og hlakka til að sjá leikritið.

„Mig langar að reyna að bjóða öllum bekknum mínum á sýninguna. Þau eru mikið að spyrja mig hvað ég leik og svona,“ segir Grettir sposkur en hann leikur mörg hlutverk í verkinu eins og flestir. „Við erum mjög mikið á sviðinu, syngjum og dönsu. Ég er til dæmis bæjarstjóri í einni senunni og Helena þá lækni. Það er fyndið.“

Leikhúsheimurinn hefur heillað bæði Helenu og Gretti sem eru sammála um að þau langi til að leggja leiklistina fyrir sig í framtíðinni. Grettir vill fá að taka þátt í alvarlegri leikritum og Helena segir brosmild áður en hún skýst af stað í búningamátun. „Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert.“ -áþ

SIGVALDI KALDALÓNS: HEFUR STARFAÐ SEM ÚTVARPSMAÐUR Í 20 ÁR

# VERÐUR ALDREI FM-AFINN


„Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegur tími. Og ég sé ekki fram á að hætta þessu á næstunni,“ segir útvarpsmaðurinn Sigvaldi Kaldalóns, betur þekktur sem Svali á FM 957. Í gær fagnaði Svali merktum tímamótum í sínu lífi því þá voru liðin tuttugu ár frá því að hann fór að vinna fyrir sér sem útvarpsmaður þrátt fyrir að hafa orðið aðeins 37 ára í apríl á þessu ári.

Af þessum tuttugu árum hefur hann verið nítján ár á FM 957. „Ég byrjaði mjög ungur að vinna við útvarp en besti dagurinn í útvarpsmennskunni var án nokkurs vafa þegar ég fékk símtalið frá þáverandi eiganda FM og hann tilkynnti mér að ég hefði fengið starfið.“ Um það leyti sem Svali var að hefja störf á öldum ljósvakans var starfsumhverfi útvarpsstöðva mjög erfitt og Svali eyddi því einu ári á Rás 2. „Það var mjög lærdómsríkur tími. Ég fékk meðal annars að stjórna landafræði-spurningaþætti og var undir smásjóni hjá málfráðunaut RÚV. Ég mátti til að mynda ekki segja „hæ“ og „bæ“ heldur varð að segja „halló“ og „bless“,“ rifjar Svali upp.

Svali gerir sér fyllilega grein fyrir því að hann sé ekki að verða neitt yngri. Og þrátt fyrir að það væri ekki neitt fararsnið á honum núna þá reiknaði hann ekki með vera tuttugu ár í viðbót og enda sem FM-afinn. „En ég verð pottþétt í fjölmiðlum áfram. Maður hefur auðvitað stundum velt því fyrir sér að hætta og gera eitthvað annað en þegar maður hefur verið smitaður af fjölmiðlabakteríunni þá er mjög erfitt að standa upp og segja skilið við þetta starf.“

FM 957 hefur alltaf notið mikilla vinsælda hjá ungu kynslóðinni og hefur lagt sig fram við að spila vinsælustu tónlistina hverju sinni. En útvarpsstöðin hefur síður en svo verið allra og Svali segir hana hafa orðið fyrir mjög miklum fordómum. „Sum gagnrýnin hefur alveg átt rétt á sér en annað ekki. Við höfum bara alltaf haft gaman af því að vera til og lifa fyrir daginn í dag.“

freyrgigja@frettabladid.is



## ER EKKI AÐ FARA

Svali hefur verið að í tuttugu ár sem útvarpsmaður, þar af nítján ár á FM 957. Hann segir ekkert fararsnið vera á sér þótt hann ætli ekki að enda sem FM-afinn. Svali var eitt ár á Rás 2 þar sem málfráðunautur RÚV fylgdist grannt með því hvort hann notaði nokkuð orðið „hæ“ og „bæ“. Hér er Svali með þeim Jóni Gústafssyni, Lísu Pálsdóttur, Fjalari Sigurðssyni og Hermanni Gunnarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FRÉTTIR VIDSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR**

m.visir.is  
Fáðu Vísir í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.

Meiri Vísir.

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.



# Símanörðar skrifa tækniblogg

„Við höfum lengi fylgst með tækniumfjöllun á netinu og okkur fannst vanta tækniblogg á íslensku,“ segir Atli Stefán G. Yngvason.

Hann er einn þeirra sem standa á bak við síðuna Simon.is sem var nýlega sett á laggirnar. Þar er lögd áhersla á skrif um snjallsíma og allt sem þeim tengist, enda er vefsíðan skirð í höfuðið á fyrsta snjallsímanum sem var framleiddur árið 1993 af IBM.

Simon.is er rekin af áhugamönnum um snjallsíma sem eru sumir hverjir tengdir fjarskiptageiranum. Í dag eru sextán aðilar sem skrifa inn á síðuna. „Við erum að leita að fólki sem hefur verið virkt í að skrifa um svona lagað og hefur áhuga á því. Við viljum vera fleiri en færri og laða að okkur hæfileikafólk.“ Á meðal þeirra sem

hafa gengið til liðs við Atla Stefán og félagar er aðili sem skrifaði inn á síðuna Tolvudoktor.is sem hefur notið töluverðra vinsælda. Einnig verður Rósa Stef, sem hefur vakið athygli fyrir Twitter-síðu sína, þeim innan handar.

Að sögn Atla hafa viðbrögðin við Simon.is verið mjög góð og hefur stefnan verið sett á að fara yfir eitt þúsund flettingar á dag. Auk þess að skrifa um snjallsíma verður einnig eytt plássi í samfélagsmiðla á borð við Facebook og Twitter.

Hópurinn á bak við síðuna ætlar að hittast á tveggja vikna fresti og spjalla um það sem efst er á baugi í hvert sinn. „Við stefnum að því að gera þetta að viðburðum sem eru opnir fyrir aðra,“ segir Atli Stefán og vonast eftir sem flestum þátttakendum. -fb



SKRIFAR TÆKNIBLOGG Atli Stefán G. Yngvason er einn þeirra sem reka vefsíðuna Simon.is. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Mjög vel heppnaður farsí, hraður og ótrúlega fyndinn“

I.P. Mbl

„Það verður enginn svikinn af þessu stykki ... spái því gangi til 2020!“

S.A. TMM

„Óstöðvandi, hömlulaus hlátur“

B.S. pressan.is

„Óhætt að lofa góðum hláturgusum“

E.B. Fbl



„Fyrirmyndarfarsí í alla staði... feiknafyndin, þétt og flott sýning“

K.H.H. Fréttatíminn

„Fimm stjörnu farsí - alveg óborganlega fyndinn“

Hemmi Gunn, Bylgjunn



GRÍMAN 2011:  
ÁHORFENDA-  
SÝNING ÁRSINS

# NEI RÁÐHERRA!

TVEGGJA TÍMA  
HLÁTURSKAST  
MEÐ HLEÍ

Sala áskriftarkorta  
í fullum gangi  
- vertu með í vetur

## Sýningar hefjast á ný 9. september

Fös 9/9 kl. 20 (örfá sæti) | Lau 10/9 kl. 20 (örfá sæti) | Lau 17/9 kl. 20 (örfá sæti)

Tryggðu þér miða strax!



Íslandsbanki

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

## FRÉTTIR AF FÓLKI

## Glæsaveisla hjá Ara

Ljósmyndarinn **Ari Magg** var með árlega veislu á vinnustofu sinni við Hverfisgötu á laugardagskvöld. Vinnustofan var troðfull af fólki og er óhætt að fullyrða að Kaffibarinn hefði verið fullsæmdur af þeim mannskap sem þarna var samankominn. Meðal gesta voru Edda Pétursdóttir fyrirsæta, Högni Egilsson úr Hjaltalín, Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður, Silja Magg systir Ara og Jól Pálsson saxófónleikari. Veisluborðin svignuðu undan veigum Ara og var stemningin svo góð að erlendir ferðamenn komu inn af götunni og töldu að þarna hefðu þeir dottið inn á heitasta skemmtistað borgarinnar.



## Gerir það gott

Íslenska kvikmyndagerðarkonan Eva Maria Daniels heldur áfram að gera það gott í draumaborginni Hollywood. Fréttablaðið hefur áður greint frá kvikmyndaverkefnum The Romantics sem Katie Holmes lék aðalhlutverkið í og svo Goats með David Duchovny í stóru hlutverki. Eva er komin með nýtt verkefni inn á sitt borð en það er kvikmyndin What Maisie Knew. Sænski hjartaknúsarinn **Alexander Skarsgård** leikur aðalhlutverkið í henni á móti Julianne Moore og Steve Coogan.



-hdm, fgg

## Mest lesið VÍSIR

- 1 Farsími í rassvasa stöðvaði byssukúlu
- 2 New York eins og draugaborg
- 3 Harpan eins og risavaxið sjónvarp inni í hjólhýsi
- 4 Snarpur skjálfti nærri Heklu í morgun
- 5 Neituðu barni um vatn í fimm daga – lést úr ofþornun

Office1

Fyrirtækjajónusta

ÓDÝR  
REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjajónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI  
550 4111Fyrirtækjajónustan er opin 8 - 17  
pontun@office1.is  
www.office1.isVIÐ GETUM  
ÞAÐ ALLAR  
- og þú líka -

Við getum allar ræktað sál okkar og líkama. Í Baðhúsinu hefurðu aðgang að því sem til þarf fyrir aðeins 6.190\* á mánuði. Með þátttöku í KK klúbbnum kemstu jafnt í opna sem LOKAÐA tíma. KK klúbburinn er klárlega hagstæðasta leiðin.

Allt þetta er innifalið í Baðhúsinu fyrir aðeins 6.190\* kr. á mánuði;

- Zumba.
- Hot jóga.
- Lene Hansson námskeið.
- Fit Pilates.
- CX30.
- Afró.
- Jane Fonda.
- Heilsuátak.
- Spinning Express.
- Tabata (Trx, Bosu, ketilbjöllur).
- Magadans.
- Les Mills tímar.
- Salsa.
- TKT.
- Tæbox.
- o.mfl.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreidri.

Komdu í Baðhúsið - og náðu markmiðum þínum. Við getum það allar. Og þú líka.

Vertu velkomin.

Nánari upplýsingar á [www.badhusid.is/kk](http://www.badhusid.is/kk)

**Komdu strax í klúbbinn og byrjaðu að æfa, fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í október!**

6.190\* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 4 leiðir, með mismunandi bindingu og fríðindum; Skólaáskrift, Grunnáskrift, Eðaláskrift eða Frjálsáskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum, og frí barnagæsla fylgir öllum leiðum nema Skólaáskrift.



Ljósmyndari: Gassi



BADHÚSIÐ  
www.badhusid.is  
Sími 515-1900